

Mikill áhugi á árangri Íslands

Film in Iceland sendi 8.000 kvikmyndaframleiðendum og erlendum blaðamönnum tölvupóst þar sem árangur Íslands í baráttunni við COVID-19 var kynntur. Áhugi erlendra fyrirtækja er mikill.

VIÐSKIPTI Árangur Íslands í baráttunni við COVID-19 hefur vakið mikla athygli hjá erlendum fyrirtækjum, segja Hlynur Guðjónsson, viðskiptafulltrúi á aðalræðisskrifstofu Íslands í New York, og Einar Hansen Tómasson, verkefnastjóri Film in Iceland, sem fjárfestinga- og sviðsstofu rekur.

Á miðvikudaginn í síðustu viku sendi Film In Iceland tölvupóst á 8.000 kvikmyndaframleiðendur og erlenda blaðamenn til að kynna árangur Íslands í baráttunni við COVID-19. „Það var aðallega bara fögnuður yfir því að það skuli vera hægt að koma hingað til landsins og taka upp,“ segir Einar spurður um viðbrögð við tölvupóstinum. Innan við sólarhring eftir að pósturinn var sendur út höfðu 44 prósent viðtakenda opnað hlekk í póstinum sem vísaði á frétt FilminIceland.com.

Einar gat ekki tjáð sig um hverjir hefðu sýnt Íslandi áhuga en staðfesti að það væru fyrirhuguð verkefni á Íslandi í sumar. Ted Sarandos, yfirmaður hjá efnisveitunni Netflix, hefur verið iðinn við að tala vel um möguleika landsins í stórum erlendum miðlum. Að sögn Einars kviknaði mikill áhugi á Íslandi eftir viðtal við Sarandos á vef Deadline.

„Fréttirnar um Ísland, er varða viðbrögðin við COVID-19 og hvernig ríkið hefur brugðist við, hafa fengið mjög mikil viðbrögð hérna. Fólk er að fylgjast með,“ segir Hlynur.

Ameríska-íslenska viðskiptaráðið í Bandaríkjunum hélt nýverið fjarfund þar sem Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, fór yfir stöðuna á Íslandi. „Það voru 98 prósent þeirra fyrirtækja sem skrðu



Einar Hansen Tómasson, verkefnastjóri hjá Film in Iceland.

sig á fundinn frá Bandaríkjunum og það voru tæplega 80 fyrirtæki sem komu inn á þennan fund. Þannig að það er mikill áhugi á að heyra hvernig við erum að gera þetta.“

Hlynur segir Íslandi hafa tekist gríðarlega vel að halda flutningaleiðum milli Íslands og Bandaríkjaanna opnum síðastliðna mánuði. Ef fyrsti ársfjórðungur 2019 er borinn saman við fyrsta ársfjórðung 2020 er ekki nema 1,5 prósent minnkun í tonnum á útfluttum þorski til Bandaríkjaanna.

„Það er ekki mikil minnkun í þessu ástandi og við erum að sjá 10 prósent aukningu í virði fyrir fiskinn út af stöðunni á krónunni. Svo erum við að horfa upp á 65 prósent aukningu á laxi. Hann fer úr 336 tonnum 2019 í 553 tonn 2020 á fyrstu þremur mánuðum ársins og virðið eykst um 75 prósent. En svo eru aðrar vörur eins og ýsa og ufsi, sérstaklega ýsan, sem fer marktækt niður um 16 prósent,“ segir Hlynur en sjávarafurðir eru um 60 prósent af útflutningi Íslands til Bandaríkjaanna.

„Fyrstu þrjú mánuðirnir hafa allavega ekki verið jafn svartir og maður hefði ætlað hvað þennan markað varðar. „Þrátt fyrir að veitingaiðnaðurinn, veitingastaðir og mótuneyti hafi horfið af markaðnum næstum því. Þá virðist vera að smávörverslun með matvöru hafi aukist mjög mikið.“ – mhj

Leituðu að skipverja í Vopnafirði

SLYS Lögreglunni á Austurlandi barst tilkynning á öðrum tímanum í gær um að skipverja af fiskiskipi væri saknað. Tilkynningin kom eftir að skipið sem hann var á kom til hafnar í Vopnafirði. „Þetta upp-götvaðist þegar menn komu í land,“ segir Jón Sigurðsson, formaður björgunarsveitarinnar Vopna.


Björgunarskip Vopna sigldi út auk þess sem fjörur voru gengnar. Töku bæði björgunarsveitarmenn

og lögreglumenn þátt í leitinni.


Þyrla Landhelgisgæslunnar flaug austur og lenti á Vopnafirði um klukkan 19. Með henni voru fimm kafarar Landhelgisgæslunnar.

Jón, segir að alls hefðu 30 manns leitað í gærkvöld og að leitað yrði til myrkurs. Liðsauki myndi síðan berast af Norðurlandi og Austurlandi í dag.

„Við erum að leita í Vopnafirðinum öllum,“ segir Jón. – khg





Stöðugur straumur var af gestum í Vesturbæjarlaug frá miðnæturöppun til lokunar í gærkvöld. Starfsmenn þurftu nokkrum sinnum að minna á fjöldatakmörkanir og biðja fólk að biða fyrir utan á meðan aðrir nutu sín í lauginni. Fastagestir voru að sögn starfsmanns í skýjunum yfir að komast aftur í sund. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Nýr T-Cross


Brúar bilið á milli jeppa og fólksbíls




HEKLA · Laugavegi 170 · Sími 590 5000 · Volkswagen.is

Tilboðsverð frá
3.190.000 kr.

Veður



Austlæg átt 3-10 m/s, en 10-15 syðst. Viða léttskyjað á norðanverðu landinu, en skýjað með köflum og stöku skúrir sunnan til. Híti 5 til 12 stig, en vægt næturfröst á N- og A-landi. **SJÁ SIÐU 20**



Katrín stóð á sínu þrátt fyrir aðsókn á þingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hart sótt að Katrínu á þingi

STJÓRN MÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær að engar formlegar viðræður hefðu átt sér stað á milli Íslands og Atlantshafsbandalagsins, NATO, um framkvæmdir í Helgúvík. Þær væru enn aðeins hugmynd utanríkisráðherra. Þar að auki ætti ekki að blanda saman utanríkispolítík og efnahagsaðgerðum á þeim tíma þegar Íslendingar standa höllum fæti.


Katrín varð fyrir mikilli orrahrið frá formönnum Viðreisnar og Miðflokksins, þeim Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, vegna fréttu um að Vinstri græn hefðu hindrað uppbygginguna. En hún er sögð vera um 12 til 18 milljarða króna virði, með litlum tilkostnaði fyrir Íslendinga sjálfa.

Sakaði Sigmundur VG um að láta innanflokksviðhorf til NATO ráða og fórnar þar með hundruðum starfa á Reykjanesi. Þorgerður Katrín spurði hvort þetta hefði verið tekið upp í Þjóðaröryggisráði, og ef ekki, væri verið að veða að vestrænu varnarsamstarfi.

Katrín stóð á sínu og sagði áhættumat í undirbúningi fyrir Ísland, sem yrði tilbúið í haust.

„Við þurfum að vanda okkur þegar um er að ræða jafn mikilvæg mál og þjóðaröryggi Íslendinga,“ sagði hún. – khg

Ekkert lát á framkvæmdum í Vesturbænum



Þrátt fyrir að ferðamannastraumurinn til Íslands sé lítill sem enginn vegna kórónuveirufaraldursins var ekkert hik á iðnaðarmönnum sem voru að vinna við nýtt hótél á Héðinsreitnum. Á reitnum er verið að byggja alls 150 herbergja hótél í gamla Vesturbænum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Um sex prósent þjóðarinnar frá Póllandi

SAMFÉLAG Erlendum ríkisborgurum á Íslandi fjölgaði um 1.530 talsins frá 1. desember í fyrra fram til 1. maí síðastliðins, þá voru búsettir hér 50.877 erlendir ríkisborgarar. Pólskum ríkisborgurum fjölgaði mest hér á landi á sama tímabili, um 330 einstaklinga, og Rúmenum fjölgaði næstmest, um 177 einstaklinga.

Flestir erlendir ríkisborgarar sem búsettir eru á Íslandi eru frá Póllandi og voru þann 1. maí 20.004, það eru 5,7 prósent af íbúum landsins. Pólskum ríkisborgurum fjölgaði á þessum tíma þrátt fyrir að rúmlega 600 manns hefðu yfirgefið landið í apríl eftir komu COVID-19 til Íslands.

Næstflestir eru ríkisborgarar frá Litháen, sem voru 4.747 talsins í byrjun maí. Samtals voru 366.308 einstaklingar búsettir á Íslandi hinn 1. maí á þessu ári. – bdj

Ofnotkun spritts gæti haft ýmiss konar áhrif

Áhrif mikillar sprittnotkunar á ónæmiskerfið eru lítt þekkt en gætu komið fram í ýmsum sjúkdómum síðar meir. Yfirlæknir ónæmisfræðideildar Landspítalans segir COVID-19 góða áminningu um mikilvægi handþvottar.

COVID-19 „Stutta svarið við þessu er að við vitum það ekki,“ svarar Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir ónæmisfræðideildar Landspítala, spurður að því hvort mikil sprittnotkun og tíður handþvottur geti haft neikvæð áhrif á ónæmi fólks.

Sala á handspritti og sýklaheftandi efnun hefur rokið upp hér á landi vegna kórónuveirufaraldursins. Landsmenn eru meðvitadír um að þvo hendur sínar vel og spritta til að koma í veg fyrir útbreiðslu veirunnar og hafa víðs vegar vaknað spurningar um áhrif þess á ónæmiskerfið.

„Þessi gegndarlausu sprittnotkun sem hefur verið í gangi núna á sér engin dæmi í sögu mannsins þannig að það á eftir að koma í ljós hver áhrif hennar verða,“ segir Björn og bætir við að fordæmalausa ástandið sem nú ríkir sé góð áminning um mikilvægi handþvottar.

„Mikilvægi handþvottar verður aldrei of oft áréttáð og fáar aðgerðir hafa virkað jafn vel varðandi heilbrigði, lifun og minnkun á smiti,“ segir Björn. Hann segir mikilvægt að þvo hendur vel með mildri sápu og að gott sé að miða við tuttugu sekúndur.

„Það eru til skuggalegar tölur um það hversu algengt það er að fólk þvo sér ekki um hendurnar þegar það er til dæmis búð að nota klósett og svo er alveg ótrúlegur fjöldi sem bara þvær sér ekki um hendurnar,“ segir Björn og áréttar mikilvægi þess að þvo sér um hendur eftir klósettferðir, fyrir máltíðir og áður en matvæli eru höndluð. „Þetta er alltaf mikilvægt, ekki bara núna.“

Þá segir hann að þvo fólk sér ekki um hendurnar sé skár en ekkert að spritta vel. Hvað varðar mikla



Sala á sýklaheftandi efnun hefur rokið upp á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þessi gegndarlausu sprittnotkun sem hefur verið í gangi núna á sér engin dæmi í sögu mannsins.

Björn Rúnar Lúðvíksson



sprittnotkun og áhrif hennar á ónæmi fólks segir Björn að ekki sé líklegt að fleiri smitist af umgangspæstum á næstu mánuðum og árum vegna áhrifa spritts á ónæmiskerfið. „Við höfum séð það núna að tíðni á öllum smitsjúkdómum nema kynsjúkdómum hefur snarminnkað en þegar við litum til framtíðar gætum við séð áhrif mikillar notkunar á sýklaheftandi efnun.“

Áhrifin segir Björn að verði lík-

lega greinilegi þegar litið verður til sjálfnæmis-, ofnæmis-, geð-, lungna-, hjarta- og æðasjúkdóma. „Þetta eru sjúkdómar sem geta verið í nokkur ár að þróast svo við munum ekki sjá þetta strax,“ segir hann.

Ástæðuna segir Björn vera heilbrigði mikróflóra líkamans. „Við vitum að ónæmiskerfið okkar er í stöðugum samskiptum við mikróflórana og það er alltaf að verða til meiri og meiri vitneskja um það að heilbrigð mikróflóra stuðlar að betra ónæmiskerfi og betra taugaferfi, þessi kerfi eru öll að tala saman,“ segir Björn.

„Ofnotkun á sýklalyfjum og sýklaheftandi efnun líkt og spritti hefur áhrif á þessa mikróflóra. Hvernig það mun þróast, breytast og hafa áhrif á heilsu fólks, það kemur í ljós með tímanum og við þurfum að rannsaka það betur,“ segir Björn. birnadrofn@frettabladid.is

Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...

STÓRUM HUMRI!!

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stórelðhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.

norðanfiskur



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Land Cruiser

Ávísun á ævintýri



UMHVERFISVERÐLAUN A TVINNULÍSINGU
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Verð frá: 9.350.000 kr.

Framúrskarandi ferðafélagi

Leitaðu ekki langt yfir skammt í sumar – á Íslandi eru ævintýrin á hverju strái og endalausir möguleikar til útivistar og afþreyingar. Með fjallmyndarlegum Land Cruiser 150 verða þér allir vegir færir, enda er hann rómaður fyrir gæði, þægindi og öryggi. Til að auka enn á ánægjuna fylgir nú, með nýjum Land Cruiser 150, glæsilegt gjafabréf að andvirði 400.000 kr. hjá einhverri af eftirtöldum verslunum – þitt er valið:

Lífland selur hágæðavarning tengdan hestamennsku.

Veiðihornið er sérsverslun veiðimannsins.

Ellingsen býður upp á allt fyrir útivistina og meira til.

Komdu við hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota og kannaðu hvernig landið liggur. **Sjá nánar á toyota.is**



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Gjafabréfið fylgir ekki með öðrum tilboðum. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækini skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



GLÆSILEGT
GJAFABRÉF
að andvirði 400.000 kr.

með nýjum Land Cruiser
hjá einhverri af eftirtöldum
verslunum:



TF-EIR aftur í þjónustu í dag eða á morgun eftir bilun í girkassa

ÖRYGGISMÁL Þyrla Landhelgisgæslunnar sem óvænt var lent á flugvöllinum á Sandskeiði um helgina vegna bilunar verður tekin aftur í notkun í dag eða á morgun að sögn Ásgeirs Erlendssonar, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar.

Ásgeir segir að þegar þyrlusveitin hafi verið á æfingu á föstudag hafi kviknað ljós í mælaborði sem gefi til kynna að þrýstingur á aðal-

smurkerfi girkassans hafi fallið niður fyrir eðlileg viðmið.

„Þar sem vélin var við flugvöllinn við Sandskeið þótti rétt að lenda í öryggisskyni til að kanna málið betur. Varasmurkerfið virkaði áfram eðlilega og voru flugvirkjar fengnir til að vinna að viðgerð og bilanagreiningu á staðnum,“ segir Ásgeir. Skipta þurfi um loftrör sem væntanlegt sé til landsins í dag.



TF-EIR á Reykjavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bilunin var smávægileg og af gjörólikum toga en sú sem olli slysi í Noregi fyrir fimm árum.

Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar

Aðspurður segir Ásgeir TF-EIR væntanlega í fulla þjónustu í dag eða á morgun þegar loftrörið verði komið til landsins og viðgerð að fullu lokið. „Það skal tekið fram að bilunin var smávægileg og af gjörólikum toga og sú sem olli slysi í Noregi fyrir fjórum árum enda voru gerðar ráðstafanir í kjölfar þess,“ undirstrikar upplýsingafulltrúinn. – gar

Óeining um opnun landsins

COVID-19 Óeining er innan heilbrigðisgeirans um rýmkun á ferðum til og frá landinu frá 15. júní, sagði Már Kristjánsson, yfirlæknir á smitsjúkdómadeild Landspítalans og formaður farsóttanefndar, í fréttabættinum 21 á Hringbraut í gærkvöld. Hann bendir á að skimun í Leifstöð sé flókin.

„Það þarf að búa til gervikennitölur og flytja sýni eða setja upp rannsóknaraðstöðu við landamærin og koma þessum upplýsingum svo til skila til ferðamannanna og síðan bregðast við því,“ segir Már og hann heyrir á mörgum kollegum sínum innan Landspítalans að þeim finnist bratt farið í opnunina:

„Það er ekki einhugur um það. Sumir segja að þetta sé geigvænlega röng ákvörðun.“

Sumir segja að þetta sé geigvænlega röng ákvörðun.

Már Kristjánsson, yfirlæknir á smitsjúkdómadeild



Bent er á að enn sé ekki vitað hve margir eru búnir að þróa með sér ónæmi gegn veirunni hér á landi, beri einhver utan frá hana með sér, en mikið er enn um smit til dæmis í Svíþjóð og Bandaríkjunum. Mót-efnaskimun er rétt hafin hér á landi.

Veirurannsóknadeild Landspítalans sem mun kanna sýnin úr Leifstöð sé ekki í stakk búin til þess að óbreyttu. „Áhættumat spítalans kallar eftir verulegri uppbyggingu veirurannsóknarstofunnar,“ segir Már. Það sé forsenda þess að afgreiða til dæmis 3.000 sýni á dag sem reiknað er með að fylgi 100 þúsund komum til landsins.

Þátturinn er aðgengilegur á vef Hringbrautar, hringbraut.is. – lb

Fyrsta alvöru tilraunin gegn kennitöluflakki síðan 1984

Deildarstjóri félagsmáladeildar ASÍ er bjartsýnn á að nýtt frumvarp gegn kennitöluflakki skili tilætluðum árangri. Heimilt verði að úrskurða einstaklinga í atvinnurekstrarbann. Sambærileg löggjöf hafi nýst vel í Danmörku. Það séu fyrst og fremst opinberir sjóðir sem tapi á kennitöluflakki en einnig launafólk.

VIÐSKIPTI „Þetta er fyrsta alvarlega tilraunin á Alþingi til að bregðast við kennitöluflakki frá árinu 1984. Þá gerði Sighvatur Björgvinsson tilraun sem hann var gerður aftur-reka með. Það hafa einhver þingmannamál komið fram síðan en aldrei þannig að menn hefðu vonir um að það myndi skila einhverju,“ segir Halldór Grönvold, aðstoðarfrankvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar ASÍ.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpi sínu um aðgerðir gegn kennitöluflakki á Alþingi í gær. Þar er lagt til að heimilt verði að úrskurða einstaklinga sem ekki teljast hæfir til að stýra hlutafélagi vegna skaðlegra viðskiptahátta í atvinnurekstrarbann. Skal slíkt bann að meginreglu vara í þrjú ár.

Aðgerðir gegn kennitöluflakki voru meðal aðgerða stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamninginn.

„Við lögðum fram tillögur með SA vorið 2017 sem byggðu á hliðstæðu fyrirkomulagi og frumvarpið nú gerir. Þá vildum við ganga svolítið lengra og gefa skattyfirvöldum heimild til að setja aðila í atvinnurekstrarbann,“ segir Halldór.

Niðurstaðan hafi hins vegar orðið að fara þá leið að skiptastjórar rannsakir sérstaklega gjaldþrot og komi með ábendingar til dómstóla ef þeir telja að farið hafi verið á svig við lög með kennitöluflakki.

„Þetta byggir í öllum aðalatriðum á hliðstæðri löggjöf í Danmörku. Það er vel reynd löggjöf sem hefur nýst vel þar. Við erum þá líka með meira og minna dómafordæmi og annað til að byggja framkvæmdina á. Þannig er þetta góð lausn og full



Frumvarpið fer nú í vinnslu á þingi en stjórnvöld ætla líka að ráðast í átaksverkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þetta er fyrsta alvarlega tilraunin á Alþingi til að bregðast við kennitöluflakki frá árinu 1984.

Halldór Grönvold

samstaða um að gera þetta með þessum hætti.“

Halldór segir að þegar aðgerðir gegn kennitöluflakki hafi verið ræddar í gegnum tíðina hafi alltaf komið sama svarið. Ekki mætti koma í veg fyrir að hugmyndaríkt fólk sem fengi góðar viðskiptahug-

myndir fengi tækifæri til að reyna sig.

„Við erum ekkert á móti því. En þegar sami einstaklingurinn er búinn að fá frábærar viðskiptahugmyndir fimm sinnum og hefur alltaf farið í þrot og skilið eftir sig slóð skulda? Er þá kannski kominn tími til að staldra við og velja fyrir sér hvort það sé ekki eitthvað annað að baki?“ spyr Halldór.

Hann segir hið klassíska kennitöluflakk fyrst og fremst ganga út á að skilja opinbera sjóði og jafnvel launafólk eftir í sárum. „Við höfum mörg svona dæmi. Verðmætin eru hirt úr búinu, viðskiptavildin, vöru-

merkið og einhverjar eignir. Gjarnan er lykilbirgjum haldið góðum með því að borga þeim. Ríkissjóður, lífeyrissjóðir og mögulega launafólk situr þá eftir með skaðann.“

Halldór segir að lengi vel hafi Samtök atvinnulífsins ekki verið mjög spennt fyrir því að taka á kennitöluflakki. „Það breytti heilmiklu þegar við fengum þau í lið með okkur og ekki var lengur hægt að etja okkur saman í þessu máli. Auðvitað eru rök SA góð fyrir þeirra hagsmuni. Heiðarleg fyrirtæki tapa á því að vera í samkeppni við fyrirtæki sem lúta ekki lögum og reglum.“ sghvatur@frettabladid.is

Fáðu lyfin send frítt heim

Þú hringir í síma 517 5500 eða sendir póst á lyfsalinn@lyfsalinn.is



LYFSALINN

GLÆSIBÆ

OPNUNARTÍMI

Mán.- fös. kl. 08:30-18:00

Laugardaga: Lokað

LYFSALINN GLÆSIBÆ

Álfheimum 74 104 Reykjavík

Sími 517 5500

www.lyfsalinn.is

lyfsalinn@lyfsalinn.is

3

Loforð
Vodafone
um betri
þjónustu

Viðskiptavinir geta breytt þjónustunni sjálfir á netinu

Á Mínum síðum á **Vodafone.is** getur þú nú keypt afþreyingu, breytt áskrift, flutt áskrift á milli myndlykla, sagt upp áskrift, sett upp netvörn og heilan helling í viðbót. Við munum halda áfram að gera viðskiptin á netinu betri.

Starfsfólk Vodafone

Iðunn
Verslunarstjóri

 **vodafone**

vodafone.is/nyttupphaf

Tilboð frá Noregi í knatthús Ísafjarðarbæjar þykir heillandi

ISAFJÖRÐUR Ekkert tilboð barst frá íslenskum fyrirtækjum í útboði á byggingu knatthúss á Ísafirði og er búð að leggja fyrir bæjarstjórn tilboð frá norska fyrirtækinu Hugaas Entreprenör. Í tilboðinu er gengið út frá því að verkinu yrði lokið fyrir árslok og að hafist yrði handa í haust.

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, óskaði á bæjarráðsfundi í gær eftir heimild til að vinna verkið áfram með norska

fyrirtækinu í von um að það verði tilbúið fyrir árslok með heimild til að ganga til samninga við norska fyrirtækið. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar óskaði eftir því að unnin yrði kostnaðar- og tímaáætlun sem verði tekin fyrir á næsta fundi.

Í samtali við Fréttablaðið segir Birgir það óvænt að ekkert tilboð hafi komið frá íslensku fyrirtæki.

„Þegar við förum í útboð í vetur kom ekkert tilboð inn til okkar. Þá förum við að skoða hvaða mögu-



Ísafirðingar vonast til að reisa knattshús fyrir árslok. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

leikar stæðu til boða. Við förum að afla okkur upplýsinga en á sama tíma gættum við þess að vinna innan kostnaðaráætlunar sem við lögðum upp með,” segir Birgir.

Aðspurður segir hann tilboðið heillandi en Norðmennirnir hafa boðið afslátt ef tilboðinu verður tekið fyrir 1. júní.

„Það sem þeir hafa lagt fram lítur vel út. Þeir voru áhugasamir þegar við buðum þetta út í fyrstu en sáu ekki fram á að geta unnið í undir-

stöðunum. Þá yrði þessu skipt í tvo áfanga, grunnvinnan við að setja sökkilana yrði búin áður en þeir kæmu að setja upp húsið.“

Birgir tekur undir að þetta yrði stakkaskipti fyrir íþróttir á Ísafirði.

„Eftirspurnin eftir knatthúsi er gríðarleg og þetta yrði algjör bylting fyrir okkur. Það er engin leið fyrir okkur að stunda knattspyrnu utanhúss að vetri til og þetta myndi stórbæta aðstöðu okkar íþróttafólks,” segir Birgir. – kpt



Framboð til forsetakjörs

Samkvæmt 4. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945, skal skila framboðum til forsetakjörs sem fram á að fara 27. júní 2020 í hendur dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en kl. 24.00 föstudaginn 22. maí 2020. Framboði skal fylgja samþykki forsetaefnis, nægileg tala meðmælenda, sbr. auglýsingu forsætisráðuneytisins frá 20. mars 2020, svo og vottorð yfirkjörstjórna um að meðmælendur séu kosningarbærir.

Dómsmálaráðuneytinu 19. maí 2020

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Lögmaður segir kröfu á Jóhann svívirðilega

Samþykki dómari kröfu um að Jóhann Helgason greiði 48 milljóna króna lögmannskostnað Warner og Universal hefði það ótrúlegan fælingarmátt gagnvart öllu því listafólki sem kynni að vilja leita réttar síns, segir lögmaður hans.

DÓMSMÁL Lögmaður Jóhanns Helgasonar í Los Angeles, Michael Machat, segir tónlistarrisana Warner og Universal beita Jóhann yfirgengilegu afli í viðleitni til að fæla Jóhann og aðra rétthafa frá málsóknum gegn fyrirtækjunum.

Fréttablaðið greindi frá því þann 6. maí síðastliðinn að lögmaður Warner og Universal krefðust þess að félag Jóhanns, Johannsongs, greiddi jafnvirði 48 milljóna króna vegna lögmannsstarfa. Var það gert í kjölfar þess að dómari í Los Angeles vísaði frá lagastuldarmáli Jóhanns á hendur fyrirtækjunum og höfundum lagsins You Raise Me Up.

Lögmaður Jóhanns segir í andmælum til dómarsins að lögmaður Warner og Universal hafi ekki á fyrri stigum gefið til kynna að lögð yrði fram krafa vegna málskostnaðar eða gefið upp nokkra ástæðu fyrir því að slíkt yrði gert. Rökin fyrir kröfunni séu mótsagnakennd og krafan sé svívirðilega há. Hann krefjist þess að dómariinn hafni henni eða þá að upphæðin verði um tífalt lægri en farið sé fram á.

Þá segir Michael Machat mál Jóhanns vera, þvert á það sem lögmaður Warner og Universal halda fram, rekið í góðri trú í hreinum tilgangi, ekki af illvilja og vera mál-efnalegt. Jóhann hafi fyrirfram fengið staðfestingu tveggja tónlistarfræðinga, lögmanna og málafærslumanna á því að málið væri gott og gilt.

„Og það sem meira er, verði lögmannskostnaðurinn samþykktur myndi það skapa hrollvekjandi forðæmi og fæla alla tónlistarmenn, tónskáld, rithöfunda og listamenn frá því að höfða mál vegna hræðslu um verði sé að leggja aleiguna að veði í viðureign við milljarða dollara félög,” segir Machat í andmælum sínum þar sem hann líkir



Jóhann Helgason er í góðri trú, segir lögmaður hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þeir skammast sin ekki fyrir að biðja dóminn um að kenna hinum ástsæla listamanni Jóhanni Helgasyni áhrifamikla lexíu fyrir að dirfast að beita sér fyrir því sem hann og samlandar hans á Íslandi hafa allir trúað.

Michael Machat, lögmaður Jóhanns Helgasonar í Los Angeles



tónlistarsamsteypunum við risavaxin skrímsli.

„Þeir skammast sin ekki fyrir að biðja dóminn um að kenna hinum ástsæla listamanni Jóhanni Helgasyni áhrifamikla lexíu fyrir að dirfast að beita sér fyrir því sem hann

og samlandar hans á Íslandi hafa allir trúað, og horfa í leiðinni fram hjá þeim ótrúlega fælingarmætti sem slík ákvörðun yrði fyrir alla tónlistarmenn sem kynnu að vilja láta reyna á rétt sinn varðandi stuld á höfundarrétti þeirra,” ítrekar lögmaðurinn.

Machat grípur í greinargerðinni niður í sundurlíðaða kröfu lögmanna Universal og Warner. Nefnir hann meðal annars dæmi þar sem lögmennirnir þrír kasta á milli sín uppkasti að þrettán lína bréfi til dómarsins og rukka fyrir það samtals 2.668 dollara, jafnvirði 388 þúsunda króna – sem eigi að vera fyrir fimm klukkustunda vinnu. „Miðað við alla þá reynslu sem þeir búa yfir mætti ætla að það hefði mátt gera þetta skjal á innan við tíu mínútum,” segir hann.

Eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu hyggst Jóhann leita til áfrýjunardómstóls vegna frávisunar málsins og undirbýr lögmaður hans nú áfrýjunina.

gar@frettabladid.is

Erfiðir samningar Árborgar og Vegagerðarinnar

SUÐURLAND Vegagerðinni og sveitarfélaginu Árborg hefur reynst erfitt að semja um nýtt vegstæði Suðurlandsvegur, sitt hvorum megin við fyrirhugaða Ölfusárbrú. En samkvæmt samgönguáætlun á að reisa hana milli 2024 og 2028.

Hafa Gísli H. Halldórsson bæjarstjóri og Helgi S. Haraldsson, forseti Bæjarstjórnar, fundað með Vegagerðinni vegna þessa, eins og fram kemur í svari við fyrirspurn minnihluta Sjálfstæðisflokks í Árborg.

„Lögmenn Suðurlandi hafa haft samningamálin á sinni könnu og bæjarstjóri hefur falið þeim að áretta við Vegagerðina nauðsyn þess að samningum verði lokið,”



Loks er komin hreyfing á samninga um vegstæði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

segir í svari. Er nú loks komin hreyfing á málin.

„Samkvæmt samskiptum við lögmann Vegagerðarinnar er von á nýju tilboði vegna landsins í dag

eða á morgun, eftir ítrekaðar fyrirspurnir. Síðasta erindi sem kom frá Vegagerðinni vegna málsins var í apríl 2017 og var það tilboð óásættanlegt.” – kkg

Umhverfisvænn bambusklósettpappír



ÞÉTTUR Í SÉR



ÓBLEIKTUR



OFUR MJÚKUR



SJÁLFBÆR



ÚR BAMBUS



Hempur

TAX FREE

SNYRTIVÖRU DAGAR

Í HEILA VIKU 14.-20. MAÍ

TAXFREE* AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

**NÚ GETUR ÞÚ PANTAÐ SNYRTIVÖRUR HJÁ OKKUR
OG FENGIÐ SENDAR HEIM**

Dagana 19. og 20. maí milli kl. 12:00 til 15:00, geta þeir sem ekki komast til okkar
pantað snyrtivörur í gegnum síma.

Hringdu í númerið 563-5069.

Allar pantanir sendar með Póstinum.

Greiðsla fer fram í gegnum örugga greiðslugátt Valitor.

HAGKAUP

Snyrtivara

Ótæk vinnubrögð hjá Minjastofnun

Forstjóri Hornsteins fordæmir áætlanir Minjastofnunar um að fara fram á að fyrirhugað uppbyggingarsvæði Björgunar í Álfsnesvík verði friðlýst. Verkefnið hafi verið á teikniborðinu og stofnunin haft aðkomu að því í rúm þrjú ár án þess að leggja inn kvörtun.

REYKJAVÍK Í lok síðustu viku greindi Fréttablaðið frá þeim fyrirætlunum Minjastofnunar Íslands að óska eftir því við mennta- og menningarmálaráðherra að svæði við Álfsnesvík, þar sem fyrirhuguð uppbygging efnavinnslufyrirtækisins Björgunar er áætluð, verði friðlýst. Slík aðgerð myndi útiloka flutning Björgunar á svæðið.

Þorsteinn Víglundsson er forstjóri Hornsteins ehf. en Björgun er dótturfélag þess. Hann fordæmir vinnubrögð Minjastofnunar Íslands í málinu.

„Þetta mál hefur verið í vinnslu innan borgarinnar í rúm fimm ár. Minjastofnun kom að borðinu frá því í byrjun árs 2017 og hefur fengið að fylgjast með framvindu mála allar götur síðan. Það hefur verið tekið tillit til sjónarmiða stofnunarinnar, meðal annars með því að færa upphaflega lóð austar á svæðinu, og allt málið unnið eins faglega og frekast er kostur. Þá var Minjastofnun boðið upp á að farið yrði í frekari fornleifarannsóknir á svæðinu en það boð var afþakkað,“ segir Þorsteinn.

Hann segist hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum þegar ljóst var að á síðustu stundu kom Minjastofnun fram með hótanir um friðlýsingu svæðisins til þess að stöðva framgang verkefnisins. „Að mínu mati er þetta í raun vísitandi seinagangur



Frá fyrirhuguðu athafnasvæði efnavinnslufyrirtækisins Björgunar í Álfsnesvík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

og algjörlega óásættanleg vinnubrögð. Minjastofnun er að koma þremur árum of seint með þessa kröfu,“ segir Þorsteinn.

Hann bendir á að Björgun hafi verið án lóðar í rúm ár enda hafi verkefnið tafist mikið. Ljóst sé að kolefnisspor starfseminnar muni minnka mikið með flutningi í Álfs-

nesvík og það sé eitt af sjónarmiðunum fyrir því að þessi staðsetning hafi verið valin. Verði ekki af uppbyggingunni í Álfsnesvík verði fyrirtækið fyrir miklu tjóni. „Það er alveg ljóst að ef svæðið verður friðlýst mun fyrirtækið sækja bætur fyrir það tjón sem hefur skapast.“

Í lok apríl sendi Minjastofnun bréf

til borgarráðs Reykjavíkurborgar þar sem fram kom að stofnunin væri að undirbúa að senda áður nefnda ósk um friðlýsingu til ráðherra málaflokksins. Í erindinu var litið gert úr kostamati sem var unnið af umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, meðal annars var það nefnt „svokallað“ kostamat í bréfinu.

●● Að mínu mati er þetta í raun vísitandi seinagangur og algjörlega óásættanleg vinnubrögð.

Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins



Þorsteinn segir að sú gagnrýni stofnunarinnar sé ósanngjörn og að fleiri dæmi um slíkt hafi komið upp í ferlinu. „Stofnunin hefur líkt þessari uppbyggingu við að reisa verksmiðju á Þingvöllum. Það sér hver maður að það er ekki nein sanngirni í slíkum samlíkingum,“ segir Þorsteinn.

Hann tekur undir að mikil saga sé á svæðinu og þar sé að finna merkar minjar sem mikilvægt sé að vernda. „Þarna eru engar minjar sem sjást á yfirborðinu. Svæðið sem Kristján Eldjárn skrifaði um að þyrfti að vernda er í Leirvoggi og því verður öllu hlíft. Menn telja sig sjá leifar tveggja til þriggja fiskibygginga og samkvæmt áætlunum fer eitt þeirra undir lóð Björgunar,“ segir Þorsteinn. bjornth@frettabladid.is

hagar

Aðalfundur Haga hf. 9. júní 2020

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn þriðjudaginn 9. júní 2020 og hefst hann kl. 09:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
- 3) Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2019/20.
- 4) Tillaga að lækku hlutfjár og breytingu á samþykktum.
 - Grein 2.1 um hlutfé félagsins verði breytt þar sem hlutfé verði lækkað úr kr. 1.213.333.841 að nafnverði í kr. 1.180.624.568 að nafnverði og eigin hlutir, að nafnverði kr. 32.709.273, þannig ógiltir.
- 5) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda.
- 6) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og skýrsla starfskjaranefndar.
- 7) Kosning tilnefningarnefndar.
- 8) Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.
- 9) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.
- 10) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ítarlegri upplýsingar um tillögur stjórnar, ársreikning og önnur gögn, ásamt upplýsingum um póstatkvæðagreiðslu, rétt hluthafa til að bera fram tillögur og framboð til stjórnar er að finna á vefsíðu félagsins, <http://www.hagar.is/fjarfestaupplýsingar/adalfundur/>

Stjórn félagsins vill einnig áréttast að forsvarsmenn hluthafa sem sækja fundinn, þ.e. forsvarsmenn fyrirtækja, lífeyrissjóða, fjárfestingasjóða, einstaklinga og annarra hluthafa, ber að skila umboði við skráningu inn á fundinn. Einnig verða einstaklingar beðnir um að framvísa persónuskilríkjum.

Stjórn Haga hf.



Tedros Adhanom, yfirmaður WHO, og Xi Jinping, forseti Kína. MYND/GETTY

Kínverjar veita COVID-19 aðstoð til annarra ríkja

COVID-19 Kínverjar munu styðja önnur ríki um samanlagt tvo milljarða dollara, eða tæplega 300 milljarða króna, til þess að takast á við afleiðingar COVID-19. Tilkynti Xi Jinping, forseti Kína, þetta á árlegum fundi hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, WHO.

„Kína mun veita tvo milljarða dollara aðstoð á tveggja ára tímabili til að hjálpa ríkjum að takast á við afleiðingar COVID-19, bæði efnahagslegar og félagslegar. Sérstaklega þróunarríkjum,“ sagði Jinping. Þá tilkynti hann einnig að mörg kínversk lyfjafyrirtæki væru að vinna að bóluefni og þegar það yrði tilbúið yrði einkaleyfisréttinum ekki haldið til streitu.

Fundurinn er vanalega haldinn í borginni Genf í Sviss en vegna aðstæðna í heiminum er hann haldinn á netinu í þetta skiptið. Xi Jinping hélt opnunarræðuna í þetta skiptið en dagskránni lýkur í dag.

Helsta deiglu málið hvað COVID-19 varðar er rannsókn á upprunum, en 110 ríki veraldar hafa

●● Við þurfum að halda áfram að styðja vísindamenn í að rannsaka uppruna veirunnar og hvernig hún dreifist.

Xi Jinping, forseti Kína

skrifað undir yfirlýsingu til WHO um að óháð rannsókn verði gerð. Í yfirlýsingunni er Kína ekki nefnt en spjótunum samt augljóslega beint að landinu og yfirvöldum þar. Kínverjar hafa verið mótfallnir rannsókn og má ætla að aðstoðin sem þeir hyggjast veita núna sé tilraun til þess að fríða heiminn.

„Við þurfum að halda áfram að styðja vísindamenn í að rannsaka uppruna veirunnar og hvernig hún dreifist,“ sagði Jinping. Einnig að Kína myndi áfram verða opð, leggja áherslu á gegnsæi og halda áfram að miðla upplýsingum til WHO og alls heimsins. -khg



HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÖLL STILLANLEG RÚM MEÐ

20-30% AFSLÆTTI



MIKIÐ ÚRVAL, MARGAR STÆRÐIR
FRÁ 80 CM TIL 200 CM

VERÐ FRÁ
290.600 KR.

160X200 CM HJÓNARÚM
INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA, BOTN OG FÆTUR.

FULLT VERÐ 415.080 KR.

MIKIÐ ÚRVAL AF MISMUNANDI DÝNUM.
STILLTU ÞIG INN Á HVÍLD SEM GERIR LÍFIÐ BETRA



STILLTU ÞIG INN
Á HÁMARKS HVÍLD
GOTT GEGN HROTUM
MINKAR BAKFLÆÐI
EINSTÖK SLÖKUM
FRÁBÆR AÐLÖGUN



FORTE TILBODSVERÐ
175.840 KR.
BRIGGJA SÆTA RAFSTILLANLEGUR SÓFI FULLT VERÐ 219.800 KR.



COMO TILBODSVERÐ
35.920 KR.
STILLANLEGUR HÆGINDASTÖLL FULLT VERÐ 44.900 KR.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM



Heimurinn bíður eftir bóluefninu.


Nýtt bóluefni virðist öruggt

BANDARÍKIN Fyrsta bóluefnið við kórónuveirunni sem veldur COVID-19 virðist öruggt og kemur í veg fyrir að veiran fjölgi sér. Þetta kemur fram í frumniðurstöðum framleiðandans Moderna í Massachusetts í Bandaríkjunum. Átta heilbrigðir sjálfboðaliðar fengu lítinn skammt af bóluefninu og voru svo smitaðir af veirunni. Náði bóluefnið að skapa sams konar vernd fyrir veirunni og finnst í einstaklingum sem hafa náð sér af smiti.

Tal Zaks, yfirlæknir Moderna, segir þetta „fyrsta mikilvæga skrefið“ í átt að því að hægt sé að bólusetja almenning. Miklar rannsóknir séu þó fram undan og þetta bóluefni, sem er eitt af mörgum sem eru í þróun, verði ekki tilbúið fyrr en í janúar á næsta ári í fyrsta lagi.

Prófaðar voru þrjár skammtastærðir. Einn sjálfboðaliði sem fékk lítinn skammt fékk aukaverkun, mikinn roða í kringum svæðið þar sem hann var sprautaður. Sá hópur sem fékk stærri skammt fékk hita og höfuðverk. – ab

Hitamælingar við verslanir



Starfsmaður tískuvöruverslunarinnar Gucci kannar hitann á konu áður en henni er hleypt inn í verslunina í miðborg Rómur á Ítalíu í gær. Líkt og margar aðrar þjóðir eru Ítalir hægt og rólega að slaka á útgöngu- og samkomubanni vegna COVID-19 faraldursins. MYND/EPA

Stór verkefni ekki verið sett í útboð

Breskir ráðherrar hafa notað heimild í lögum til að sleppa við að fara með stór verkefni tengd COVID-19 faraldrinum í útboð. Meðal annars samning við Radox, sem þingmaður Íhaldsflokksins starfar fyrir. Íslenska utanríkisráðuneytið fylgist vel með málinu.

BRETLAND Breska ríkið hefur úthlutað verkefnum upp á meira en milljarð punda, eða rúmlega 176 milljarða íslenskra króna, til einka-fyrirtækja án útboðs. Um er að ræða stór verkefni tengd viðbrögðum ríkisins við COVID-19 faraldrinum og hafa ráðherrar ákveðið að nota lagaklausu frá 2015 til að víkja frá reglum um útboð í ljósi aðstæðna.

Samkvæmt umfjöllun breska dagblaðsins The Guardian hafa minnst 115 fyrirtæki fengið verkefni upp á samtals milljarð punda, án útboðs, frá því að faraldurinn hófst. Heildarlistinn yfir öll verkefni sem ekki hafa farið í útboð hefur ekki fengist afhentur. Stærsta verkefnið, upp á 234 milljónir punda, um að útvega ókeypis skólamáltíðir, fór til fyrirtækisins Edenred. Brake Broth-

Mig grunar að eitthvað hefði verið sagt ef verktaki frá Dortmund í Þýskalandi fengi að malbika Akureyrarflugvöll.

Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands



ers og BFS Group fengu 208 milljóna punda verkefni sem snýst um að útvega fólk í viðkvæmri stöðu mat.

Radox hlaut 133 milljóna punda samning til að framleiða COVID-19 próf. Hefur sá samningur verið gagnrýndur þar sem Owen Pater-

son, þingmaður Íhaldsflokksins, er ráðgjafi hjá fyrirtækinu. Radox hefur ekki viljað svara fyrirspurnum um aðkomu þingmannsins.

Samtökin Tussell aðstoðuðu The Guardian við að safna upplýsingunum. Gus Tugendhat, stofnandi samtakanna, segir að það sem hafi verið opinberað kunni aðeins að vera toppurinn á ísjakanum. „Frá því að faraldurinn hófst höfum við séð gríðarlega aukningu í úthlutun verkefna hins opinbera án útboða,“ segir Tugendhat.

Daniel Bruce, framkvæmdastjóri Transparency International UK, varar við því að aðstæurnar séu notaðar til að minnka gagnsæi. „Þessi fjöldi verkefna er áhyggjuefni og setur hættulegt fordæmi sem getur skaðað hagsmuni almennings

og minnkað traust,“ segir Bruce.

Utanríkisráðuneytið segir að fylgst sé með málinu og framvindu þess. Nýverið fékk fyrirtæki í Bretlandi úthlutað 300 milljóna króna verkefni til að sjá um markaðsherferðina „Ísland – saman í sókn“, sem blása á lífi í íslenska ferðaþjónustu. Mjög litlu munadi að íslensk auglýsingastofa yrði fyrir valinu og kemur til greina að útboðið verði kært.

Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, segir að niðurstaða útboðsins sé hvort tveggja ímyndarlega óheppileg fyrir Ísland og efnahagslega í ljósi þeirra aðstæðna sem COVID-19 faraldurinn hefur skapað. Íslensk stjórnvöld hefðu mátt leita nýrra leiða og taka tillit til aðstæðna, án þess að sniðganga

reglur um samkeppni og útboð eins og Bretar virðast hafa gert, sem sé alls ekki til fyrirmyndar.

„Mig grunar að eitthvað hefði verið sagt ef verktaki frá Dortmund í Þýskalandi fengi að malbika Akureyrarflugvöll, en það er verkefni sem er líka hluti af COVID-19 viðbragði stjórnvalda. Núna er ekki góður tími til að senda stór verkefni úr landi, og engar faglegar né gæðalegar forsendur til þess miðað við að það munadi nánast engu á þeim sem voru í efstu sætum,“ segir Halla.

„Ísland er þekkt víða um heim fyrir skapandi greinar og erfitt að trúa því að ekki hefði verið hægt að tryggja að framúrskarandi fólk úr skapandi greinum, markaðs- og auglýsingafólk á Íslandi, leiddi þetta verkefni.“ arib@frettabladid.is

FIAT HÚSBÍLAEIGENDUR


ER HÚSBÍLLINN ÞINN KLÁR FYRIR SUMARIÐ?

BJÓÐUM UPP Á SMURÞJÓNUSTU OG LÉTTA ÁSTANDSSKOÐUN FYRIR SUMARIÐ:

- SJÓNSKOÐUN Á BREMSUKERFI OG UNDIRVAGNI
- LJÓS YFIRFARIN
- ÁSTAND HJÓLBARÐA METIÐ OG LOFTÞRÝSTINGUR MÆLDUR
- ÞURRKUR OG RÚÐUSPRAUTUR YFIRFARNAR
- ÁSTAND KÆLIKERFIS METIÐ
- HLEÐSLA RAFKERFIS MÆLD



ALLIR VINNA – ENDURGREIÐSLA Á VSK Á VINNULIÐ AÐ LÁGMARKSUPPHÆÐ 25.000 KR. ÁN VSK.



Ísland vill sjá þig í sumar

Bílabúð Benna gefur þér tækifæri til að kynna Íslandi betur í sumar og styðja við íslenska ferðabjónustu í leiðinni, með glæsilegum kaupauka sem fylgir með völdum notuðum bílum.

Bílabúð Benna
Notaðir bílar

Kaupauki með völdum notuðum bílum

Sjö nætur á Fosshótelum
með morgunverði. Verðmæti 210.000 kr.

Eldsneytiskort
að verðmæti 50.000 kr. frá Orkuni

Ævintýrapottur
Skráðu þig til leiks á notadir.benni.is
Vinningar dregin út á Bylgjunni



446060

SsangYong Tivoli '17, ekinn 60 þús. km.
Verð: 2.590.000 kr.



446234

SsangYong Rexton '17, ekinn 40 þús. km.
Verð: 4.490.000 kr.



445831

SsangYong Korando '18, ekinn 60 þ. km.
Verð: 3.790.000 kr.



446202

BMW 7 730d Xdrive '14, ekinn 135 þús. km.
Verð: 6.500.000 kr.



150432

Opel Insignia St '18, ekinn 30 þús. km.
Verð: 4.190.000 kr.



590717

Nissan Qashqai Tekna '19, ekinn 13 þús. km.
Verð: 4.890.000 kr.



446194

Jeep Cherokee '18, ekinn 32 þús. km.
Verð: 6.490.000 kr.



112811

Jaguar E-pace s d-150 '18, ekinn 32 þ. km.
Verð: 6.490.000 kr.



590716

HYUNDAI IONIQ EV '18, ekinn 37 þús. km.
Verð: 3.490.000 kr.



750145

Audi A4 Avant '13, ekinn 103 þús. km.
Verð: 2.380.000 kr.



750231

Opel Insignia '16, ekinn 38 þús. km.
Verð: 3.390.000 kr.



590685

Opel Astra '18, ekinn 36 þús. km.
Verð: 2.990.000 kr.



445842

Hyundai i30 '19, ekinn 27 þ. km.
Verð: 3.090.000 kr.



590461

Toyota Corolla '18, ekinn 40 þús. km.
Verð: 2.690.000 kr.



590486

Suzuki Vitara '18, ekinn 64 þús. km.
Verð: 3.190.000 kr.



590373

SsangYong Rexton '16, ekinn 151 þús. km.
Verð: 2.490.000 kr.



446196

Skoda Octavia '19, ekinn 54 þús. km.
Verð: 2.890.000 kr.



750056

Opel Vivaro Combi '18, ekinn 36 þ. km.
Verð: 4.090.000 kr.



590684

Opel Grandland X '19, ekinn 49 þús. km.
Verð: 3.190.000 kr.



445988

Opel Crossland X '19, ekinn 60 þús. km.
Verð: 2.690.000 kr.

Meira úrval á
notadir.benni.is



Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 12-17

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Bílabúð Benna
Notaðir bílar

Erfið staða



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Það verða ekki síður sveitarfélögin en ríkissjóður sem munu verða fyrir þungu fjárhagslegu höggi vegna COVID-19 faraldursins. Í minnisblaði Bygðastofnunar til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er gerð tilraun til að meta áhrif hruns í ferðaþjónustu á sveitarfélögin. Óvissan er auðvitað töluverð en ljóst er að áhrifin verða gríðarleg þótt þau verði mismikil milli landsvæða.

Samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofnunni nam einkaneysla erlendra ferðamanna um 284 milljörðum króna á síðasta ári. Það er rúmur fimmtungur mældrar einkaneyslu á síðasta ári og tæp tíu prósent vergrar landsframleiðslu. Af þessari fjárhæð fóru 109 milljarðar í kaup á veitinga- og gistinguþjónustu. Alls keyptu erlendir ferðamenn 87 prósent allra gistinguþátta á Íslandi á síðasta ári sem sýnir hversu mikið er undir.

Þrátt fyrir átak og hvatningar til Íslendinga um að ferðast innanlands í sumar verður samdrátturinn mikill. Af rúmlega 7,3 milljónum gistinguþátta erlendra ferðamanna á síðasta ári voru um 40 prósent þeirra nýtt á tímabilinu frá júní til ágúst. Erlendir ferðamenn kaupa þar að auki ýmsa aðra þjónustu og afþreyingu þar sem samdrátturinn verður að sama skapi mjög mikill.

Bygðastofnun dregur upp þrjár sviðsmyndir varðandi atvinnuleysi næstu tólf mánuði. Miðað við þær dragast útsvarstekjur sveitarfélaga samtals saman um 10 til 26 milljarða króna á ársgrundvelli. Til samanburðar gerðu fjárhagsáætlanir yfirstandandi árs ráð fyrir að sveitarfélögin yrðu rekin með samtals 6,7 milljarða króna afgangi á árinu. Þau sveitarfélög sem eru háðust ferðaþjónustu gætu horft upp á tugprósenta lækkun útsvarstekna.

Sveitarfélögin eru í misgóðri stöðu til að takast á við áföll af þessu tagi. Flest eru þau með útsvarspróséntuna í hámarki en möguleikarnir til frekari tekjuöflunar eru takmarkaðir. Að óbreyttu munu þau þurfa að fjármagna tekjuskeringuna með lán-töku og skerðingu á þjónustu. Í nýlegri samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga er það dregið fram að tvö sveitarfélög séu með skuldahlutfall yfir 150 prósent af tekjum. Samkvæmt lögum má skuldahlutfallið ekki fara yfir það mark. Til viðbótar eru tuttugu sveitarfélög með skuldahlutfall upp á 100 til 150 prósent.


Staðan sem blasir við mörgum sveitarfélögum er því ansi erfið. Á sama tíma vinna stjórnvöld að eflingu sveitarstjórnarstigsins til að hægt sé að færa þangað fleiri verkefni.

Hin afar mikilvægu skref sem hafa verið tekin með ákvörðunum um sameiningar sveitarfélaga voru tekin til þess að búa til öflugri sveitarfélög sem gætu veitt íbúum sínum meiri og betri þjónustu. Það væri afar slæmt ef mörg sveitarfélögunum færu löskuð í þá vegferð. Nú þurfa stjórnvöld og sveitarfélögin að finna leiðir til að koma í veg fyrir það.



Hin afar mikilvægu skref sem hafa verið tekin með ákvörðunum um sameiningar sveitarfélaga voru tekin til þess að búa til öflugri sveitarfélög sem gætu veitt íbúum sínum meiri og betri þjónustu.

Halldór



Frá degi til dags

Hvítþvottarhús

Deilur um eignausýslu Lindarhvals voru hávarar fyrir nokkru. Efasemdir voru um söluverð fyrir stöðugleikaeignirnar sem félagið seldi. Einnig að bjóða hefði átt út lögræðiþjónustu við Lindarhvol, en lögmansstofan sem vann verkið fékk 80 milljónir króna fyrir viðvik. En gagnrýnistóninn var falskur því í gær lauk Ríkisskóðun hvítþvætti á starfsemi félagsins. Menn hljóta að lita til þessarar framkvæmdar í leit að fyrirmynd um hvernig eigi að standa að svona eignausvinnslu. Verst að fyrirmyndarfyrirtækið Lindarhvoll skuli hafa verið lagt niður.

Dugleg

Sóttvarnayfirvöld halda áfram að útteila gjöfum til þjóðarinnar, fyrst fengum við að fara í bíó og klippingu og nú megum við fara í sund. Af því að við höfum verið svo dugleg að þvo okkur um hendurnar og standa langt frá hvert öðru. Ef við höldum áfram að vera dugleg fáum við að fara í leikfimi og kannski á tónleika. En þá þurfum við líka að vera mjög dugleg. Við vorum ekki mjög dugleg þegar sundlaugarnar voru opnaðar. Höfðum of lítið bil á milli okkar í röðinni, sagði Viðir. Við verðum að muna eftir því að hlusta á Viði því annars fáum við ekki lengur að fara í sund. kristinnhaukur@frettabladid.is

Rétt leiðin til framtíðar



Drifa Snædal
forseti ASÍ.

Í síðustu viku kynnti ASÍ stefnu sína „Rétt leiðin – Frá kreppu til lífsgæða og öryggis fyrir okkur öll“. Rauði þráðurinn í þeirri stefnu er framfærsluöryggi fyrir alla, hvort sem er utan eða innan vinnnumarkaðar og uppbygging nýrra atvinnutækifæra. Heimurinn sem ris úr COVID-kreppunni verður ekki sami heimur og við þekktum áður. Og það er ekki endilega æskilegt að leita í sama farið. Við vitum nú hvað það skiptir miklu máli að vera með trausta innviði og sterkt opinbert kerfi sem gripur okkur þegar heimurinn umturnast. Við vitum líka hvað ferðaþjónustan er viðkvæm fyrir utanaðkomandi áhrifum og hvað atvinnulífið okkar er í raun einsleitt. Við verðum því að byggja upp fjölbreyttara atvinnulíf. Nú er tími nýrra hugsana og stórra hugmynda. Við höfum tekið stór stökk í tæknibreytingum en vandinn sem loftslagsbreytingarnar hafa valdið er ekki hlaupinn frá okkur. Allar aðgerðir sem við þurfum að gripa til verða að taka mið af bæði tæknibyltingu og sjálfbærni.

Helsta hættan er að við þökkum í vörn

Þau umskipti sem við vissum að væru væntanleg á vinnnumarkaði eru allt í einu orðin að veruleika og þá skiptir öllu að þau séu réttlát og leiði af sér góð og örugg störf. Til að svo megi verða þarf að taka stórar ákvarðanir í samráði við launafólk og bjóða upp á endurmenntun fyrir nýja tíma. Við höfum alla möguleika á að byggja upp gott og heilbriggt atvinnulíf með vel menntuðu fólki, vinnnumarkað sem byður upp á heilbriggt umhverfi, styttri vinnutíma og tryggja afkomu.

Helsta hættan sem steðjar að okkur núna er að við þökkum í vörn, drögum úr réttindum og framfærsluöryggi, skerum niður í grunnþjónustu og seljum frá okkur dýrmætar eignir. Við skulum ekki falla í þá gryfju heldur hugsa stórt með hag allra í huga. Þannig verðum við fyrirmynd annarra í uppbyggingunni ekki síður en viðbrögðum við veirunni.



Helsta hættan sem steðjar að okkur núna er að við þökkum í vörn.

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Veldu öruggt start með **TUDOR**

Frístunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Hlutabætur í algjörri óvissu



Ásta Sigríður Fjeldsted
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Þann 13. mars sl. tilkynnti Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra á blaðamannafundi í Ráðherrabústaðnum að takmarka skyldi samkomur við 100 manns í fjórar vikur frá miðnætti 15. mars. Engin fordæmi voru fyrir slíku banni í lýðveldissögu Íslands. Engan óraði fyrir um framhaldið. Óvissan var gríðarleg.

Sama dag samþykkti ríkisstjórnin frumvarp Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra, um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnu- markaði. Markmið breytinganna, eins og það er orðað á vef Stjórnarráðsins, „... er að aðstoða vinnuveitendur við að halda ráðningarsambandi við starfsfólk sitt, þar til aðstæður batna“. Ekki komu fram önnur skilyrði en þau að starfsemi hefði dregist saman vegna kórónaveirunnar.

Minnka starfshlutfall en forðast uppsagnir

Á vef Stjórnarráðsins var einnig hvatt til þess að vinnuveitendur minnkuðu frekar starfshlutfall starfsfólks tímabundið en að grípa til uppsagna og er þar haft eftir ráðherra, Ásmundi Einari Daðasyni: „Ég vonast til þess að atvinnurekendur bregðist við þessum breytingum á þann veg að halda ráðningasamböndum við starfsfólk sitt eins og nokkur kostur er í stað þess að ráðast í uppsagnir.“ Sama dag hvatti ráðherra fyrirtæki til að nýta úrræðið í samtali við mbl.is „Hugsunin er auðvitað sú að hvetja fyrirtæki til þess að nýta sér þessa heimild vegna þess að við erum öll í þessu saman.“

Með þessu úrræði réttu stjórnvöld út hjálparhönd til að koma í veg fyrir fjöldauppsagnir vegna gífurlegrar óvissu um framhaldið og tryggja afkomu heimila tímabundið, eða þar til aðstæður skýrðust. Fyrirtækin sömdu við starfsfólk um minnkun starfshlutfalls tímabundið og ríkið greiddi mismuninn upp að ákveðnu marki beint til launþega. Engar greiðslur fóru til fyrirtækjanna. Í staðinn var komið í veg fyrir uppsagnir. Fljótt varð ljóst að úrræðið myndi nýttast fjölda fyrirtækja og starfsfólki þeirra – og verða ein stærsta og mikilvægasta einstaka stuðningsaðgerð stjórnvalda frá upphafi.

Hversu skýr lína milli þess að mega og mega ekki?

Nú rúmum tveimur mánuðum síðar erum við á góðri leið út úr samkomubanninu. Umræður um hvaða fyrirtæki hafi átt rétt á að nýta sér hlutabótaúrræðið hófust og í umræðunni komu fram ýmis skilyrði sem almenningur taldi sanngjörn svo sem að fyrirtækin hefðu ekki greitt út arð vegna ársins 2019 eða að eiginfjárstaða þeirra væri ekki góð. Sum þeirra skilyrða eru eðlileg og skynsamleg. Vandinn er að ekkert slíkt er að finna í lögnum.

Brúarlánin, stuðningslánin, lokunarstyrkir og önnur úrræði stjórnvalda til að koma í veg fyrir gjaldþrot fyrirtækja voru með skýra ramma um það hverjir ættu rétt á að nýta sér þau og hverjir ekki. Sé hlutabótaleiðin skoðuð, löggin og ummæli ráðherra, er ljóst að ramma hennar er afar óskýr. Úrræðið var hugsað „vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda“ en ekki var kveðið á um hversu mikinn samdrátt eða á hvaða tímabili.

Jafnframt segir í lögum um hlutabótaleiðina að „Vinnuálastofnun er heimilt að óska eftir upplýsingum og gögnum frá vinnuveitanda sem launamaður missti starf sitt hjá að hluta þar sem fram komi nánari rökstuðningur fyrir samdrætti í starfsemi, svo sem fækkun verkefna eða samdráttur í þjónustu.“ sem erfitt er að skilja öðruvísi en svo að það sé alfarið í höndum stofnunarinnar að meta réttmæti nýtingu úrræðisins.

Þegar úrræðinu var komið á um

miðjan marsmánuð herjaði veiran á landsmenn, úrræði stjórnvalda þurftu að vinnast hratt og frumvörp voru keyrd í gegnum þingið. Í öllum asanum var hlutabótaleiðin samþykkt án skýrra skilyrða og því eru nú stjórnendur margra fyrirtækja að meta, í ljósi þess sem gerst hefur, hvort rétt hafi verið að þiggja hana eður ei. Hlutabótaleiðin verður framlengd, stjórnvöld ætla að læra af reynslunni og setja skýr skilyrði, þannig að fyrirtækin búi við réttarvissu.

Samfélagsleg ábyrgð og góðir stjórnarhættir

Mikilvægi samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja í landinu er mikil og viðtæk – á kórónatímum sem endranær. Á það við um stór fyrirtæki jafnt sem lítil, sem nýttu sér líflinu stjórnvalda á tímum mikillar óvissu og töldu sig uppfylla skilyrði hlutabótaleiðarinnar. Eftir að umræðan komst á flug um hverjir ættu rétt á úrræðinu eða ekki, hefur komið í ljós að mörg fyrirtæki nýttu sér ekki úrræðið þrátt fyrir að horfa fram á

mikinn samdrátt og enn önnur hafa nú þegar greitt stuðninginn til baka eftir endurmat.

Það er auðvelt að benda á það sem betur hefði mátt fara með því að horfa í baksýnispegilinn – og er sá lærdómur mikilvægur atvinnulífinu og stjórnvöldum. En ekki er síður mikilvægt á tímum sem þessum að sýna skilning á ákvörðunum sem teknar voru í fullkominni óvissu, bæði um reglurnar sjálfar og hvað framtíðin bæri í skauti sér.



Kæli- og frystiskápar á tilboði.

Ferskari matvæli og minni matarsóun með **Siemens** og **Bosch** kælikápum. Með hyperFresh tækni heldur kælikápurinn ávöxtum, grænmeti og nýjum kjötvörum ferskum allt að tvisvar til þrisvar sinnum lengur. Matarsóun minnkar, peningar sparast og umhverfisvitund eykst.

Allt að 26% afsláttur af völdum kælikápum í maí.

5 ÁRA *****
ÁBYRGÐ

Fimm ára ábyrgð á öllum heimilistækjum.

Einfalt að versla í netverslun okkar.

Tilboð gilda til og með 5. júní eða á meðan birgðir endast. Smith & Norland er bæði Siemens og Bosch-umboðið á Íslandi og sinnir varahluta- og viðhaldsþjónustu af faglegum metnaði á eigin verkstæði.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

GARÐHÚSGÖGNIN KOMIN Í HÖLLINA



Brafab



LEONE

Hornsófi úr Leone línunni 2H2. Svört álgrind og gráar sessur og bakpullur úr fyrsta flokks svampi. Endingargott áklæði.

Stærð: 203 x 203 x 80 cm

Sófarborð úr svörtu áli með reyklitaðri glerplötu fylgir sófanum. Stærð: 70x70x30 cm

20%
KYNNINGARAFSLÁTTUR

143.992 kr.
~~179.990 kr.~~



SOHO

Flottur þriggja sæta útisófi frá BRAFAB. Álgrind, handofinn úr sérlega endingargóðu fléttu-efni. Fyrsta flokks svampur í sessum og bakpullum. Endingargott Olifin áklæði. Stærð: 187 x 79 x 90 cm

111.992 kr. ~~139.990 kr.~~



SOHO

Stóll úr Soho línunni. Stærð: 79 x 74 x 90 cm

20%
KYNNINGARAFSLÁTTUR

42.392 kr.
~~52.990 kr.~~



VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
SENDUM FRÍTT

Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

Erum öll saman á eyjunni okkar



Ámundi
Loftsson
fyrirverandi
sjómaður
og bóndi

Samskipti Íslendinga hafa lengi verið undarleg. Þeir gera allt að deilumálum og taka ákvarðanir sem bera ósættið í sér. Sennilega er hersetan í Keflavík þar ljósasta dæmið. Þeir rifast um allt, um byggingu virkjana og stóriðjumál, raf-línur, orkusölu, kvótakerfi til sjós og lands, náttúruvernd, vegagerð, þéttingu byggðar, innflytjendamál, hvort flugvöllur skuli vera í höfuðborginni og stað fyrir þjóðarsjúkra-hús.

Þennan samfélagshernað iðka þeir svo mest í fjölmiðlum með skeytasendingum og illmæli hverjir um aðra og árangurinn oftast sá að allir tapa.

Lengi voru þrjú dagblöð í þessu hlutverki. Morgunblaðið mokaði skít ofan á Þjóðviljann sem mokaði sams konar skít til baka og á Alþýðublaðið; sem mokaði skít á báða. Þetta var að sjálfsgöðu gert til að öllum liði betur.

Lengi voru þrjú dagblöð í þessu hlutverki. Morgunblaðið mokaði skít ofan á Þjóðviljann sem mokaði sams konar skít til baka og á Alþýðublaðið; sem mokaði skít á báða. Þetta var að sjálfsgöðu gert til að öllum liði betur.

Í áratugi hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið undirlagður af illdeilum og flokkadráttum. Upp úr sauð þegar varaformaður flokksins myndaði ríkisstjórn með helstu andstæðingum hans í mikilli óþökk formanns og meirihluta flokksmanna. Vinsælasti maður flokksins meðal almennings passaði aldrei í klíkurnar í flokknum og fór sínar eigin leiðir.

Um áratug síðar varð nýkjörinn formaður flokksins forsætisráðherra. Sá losaði sig við erfiðustu andstæðinga sína og gerði þá að sendiherrum. Þegar svo forráðamaður ríkisstofnunar var honum ekki alveg sammála; lagði hann viðkomandi stofnun niður og ógnaði með því óþægum flokksmönnum til þagnar. Þetta þótti svo flott að skrifuð var bók um stjórnvísu formannsins. Uppskeran varð svo harkalegt flokksræði. Svo kom Borgaraflokkurinn og seinna Frjálslyndi flokkurinn; sem byggðu að mestu á fortíð Sjálfstæðisflokksins.

Síðar kom svo Viðreisn; og karpíð heldur áfram.

Saga vinstri manna er ekki síður sorgleg. Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur, Samfylking, Vinstri grænir, Píratar, Samstaða, Alþýðufylking og Sósíalístaflokkur. Sama fólkið stofnar endalaust nýja flokka af því að það getur ekki talað saman.

Þegar bankarnir féllu 2008 var VG eina þálfandi stjórn málaflíð sem ekki bar neina ábyrgð á því sem gerst hafði. Engu að síður urðu eftirmálar bankahrunsins til þess að þessi flokkur liðaðist í sundur; mest vegna afstöðu í málum sem eðli þeirra samkvæmt hefðu átt að þjappa honum saman.

Þetta var afskiptaleysi og andstaða við lausnir á vanda þeirra sem sátu uppi með stökkbreyttar skuldir eftir hrúnið og svo Icesave-málið; sem varð í raun að heilkenni formannsins; sem flokksmenn mættu með þögn. Þá gat það ekki annað en lagst illa fjölda almennra félaga VG að flokkurinn skyldi fara í tilhugalíf við Evrópubandalagið. Ekkert af þessum málum fengu neina teljandi umræðu innan VG, en leiddi til þess að flokkurinn sundraðist og er ekki svipur hjá sjón.

Þá hafa þau undur gerst að Framsóknarflokknum tókst að skipta sér tvennt; og þó þetta tvíhöfða fyrirbæri hafi meira samanlagt fylgi en Framsóknarflokkurinn hefur nokkru sinni haft; er borin von að þessir hausar geti talað saman þannig að árangri skili.

Borgarstjórn Reykjavíkur þrengir að bílaumferð og lokar götum í óþökk almennings og hefur að engu skoðanir og andmæli annarra.

En illdeilur og samskiptafötlun Íslendinga eru ekki eingöngu bundin við stjórn mála flokka. Við lá að endurhæfingarstöðin á Reykjalandi legðist af vegna ákvarðana sem hleyptu þar öllu í uppnám. Þó er þar saman komið fólk, sem í störfum sínum hefur sýnt afburðaárangur í áratugi; en það dugði ekki til.

Ekki tók betra við á Vogu þegar illa horfði eftir að COVID-fárið hafði numið land á Íslandi; og þrátt fyrir að ætla mætti að samskipti væru sérsvið þessarar stofnunar varð stjórnleysið og sundrunin allsráðandi.

Þá hefur Kirkjan ekki látið sitt eftir liggja í valdsmennsku og bráð-



Borgarstjórn Reykjavíkur þrengir að bílaumferð og lokar götum í óþökk almennings og hefur að engu skoðanir og andmæli annarra.

ræði. Nú síðast var prestur vikið úr starfi af ástæðum sem orka í besta falli tvímælis og að sjálfsgöðu án umræðu. Þá hafa komið upp ljót mál innan Kirkjunnar sem ekki hafa verið rædd af hreinskilni og gerð upp gagnvart almenningi og kostað hana fjölda úrsagna.

Sleggiákvæðanir eru líka í tisku innan íþróttahreyfingarinnar. Þjálfarar eru umræðulaust reknir úr störfum og það án sýnilegra ástæðna; jafnvel strax eftir að hafa skilað toppárangri. Engar skýringar. Geðþóttinn ræður.

Hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum eru menn reknir úr störfum án umræðu og án þess að ástæður séu ræddar. Þar ríkir þögnin ein. Enginn segir neit.

Veigamiklar starfsstettir, lög-reglan þar á meðal eru án kjarasamninga árum saman og það er dregið út í hið óendanlega að ræða þau mál til niðurstöðu.

En hvar liggur þetta mein? Hvernig stendur á því að Íslendingar hafa tamið sér jafn slæmar og árangurs-hamlandi aðferðir í samskiptum og raun ber vitni?

Er ekki nokkur leið að koma Íslendingum í skilning um að lyk-illinn að betri lausnum og niðurstöðum og þar með betra þjóðfélagi eru hreinskilni og betri samskipti og meiri sátt?

Er ekki verðugt verkefni fyrir háskóla landsins að freista þess að finna og skilgreina þau samskipta-mein sem eitra og stórskada allt samfélagið? Ekki vantar aðstöðuna til að málin séu rædd. Það eru vel útbúnir funda- og ráðstefnusalir út um allt.

Það er löngu kominn tími til að Íslendingar afleggi aldagamla samskiptaósiði og reyni að temja sér aðferðir sem virka við að gera þjóðfélagið betra.

Kína, mennskan og heimsfaraldurinn



Þór
Rögnvaldsson
heimspekingur

Það geisar heimsstyrjöld þar sem mannkyn allt á við sama andstæðing að etja. Við þessar aðstæður gerist hið einstaka að nú hverfur sérhverjinn mennskur andstæðingur út úr myndinni vegna þess að, sem sagt, andstæðingurinn er ekki lengur mennskur.

Þess vegna er mögulegt – ef allt fer á besta veg – að við jarðarbörn komum sterkari – og ekki veikari – út úr þessum hildarleik; þ.e. ef átökin verða til þess að við lærum að snúa bökkum saman. Þess vegna er full ástæða til að blása í her-lúðra, berja bumbur og safna okkur öllum saman undir sameiginlegum merkjum – áður en heimsbyggðin öll verður einangrunarhyggjunnar og popúlísmannum að bráð. Því miður er sú vending nefnilega líka til í stöðunni. Ef allt fer á versta veg er vel mögulegt að ríki heims fari að reisa múra sín á milli sem ekki aðeins mundi dýpka kreppuna, heldur jafnvel líka ógna friðinum.

Fyrir skömmu birtist í Frétta-

bláinu grein eftir tvo eftirlaunaþega, þá Þorgeir Eyjólfsson og Hrafn Magnússon, þar sem farið er hörðum orðum um frammistöðu ráðamanna í Kína í átökunum við kórónuveiruna. Halda þeir vopna-bræður því fram að Kínverjar fari með lygimál hvað varðar upphaf og framgang veirunnar þar í landi og styðja mál sitt nákvæmum upplýsingum sem ég sé enga ástæðu til að fetta fingur út í, enda eru þær upplýsingar flestar – ef ekki allar – komnar beint frá Kínverjum sjálfum.

Hitt er svo annað mál að ég bara skil ekki af hvaða hvötum þeir vopnaþætur grípa til pennans. Eða þá hitt: hvers vegna fjalla þeir þá ekki líka um ráðamenn á Norður-Ítalíu og austurrísku Ölpunum – sem sannarlega vissu af veirunni, en létu sem ekkert væri? Hefði ekki verið nærtækara að fjalla um yfirhyllingar á þeim slóðum, sem bitnuðu svo harkalega á okkur Íslendingum? Og hvað þá með sjálfan forseta Bandaríkjanna – valdamesta mann heims – sem reyndi að gera litið úr hættunni á upphafsstígum faraldursins – með hrikalegum afleiðingum?

Ég endurtek. Mannkynið allt á við sameiginlegan óvin að etja. Og



Hefði ekki verið nærtækara að fjalla um yfirhyllingar á þeim slóðum, sem bitnuðu svo harkalega á okkur Íslendingum? Og hvað þá með sjálfan forseta Bandaríkjanna – valdamesta mann heims – sem reyndi að gera litið úr hættunni á upphafsstígum faraldursins – með hrikalegum afleiðingum?

vegna þess að þetta er sameiginlegur andstæðingur, getur verið að þessi átök verði frekar til þess að sameina okkur jarðarbörn, heldur en að sundra okkur; þ.e. ef allt fer á besta veg. En til þess að svo megi verða verðum við hins vegar skilyrðis- og refjalaust að láta okkur skiljast að enginn á einkarétt á mennskunni og að öll erum við manneskjur – líka kínverskir kommúnistar.

Við sækjum og skoðum



Ný þjónusta

Núna í maí getum við sótt bílinn og skilað honum skoðuðum heim eða í vinnuna á höfuðborgarsvæðinu. 2.300 kr. bætast við skoðunargjaldið. Sendu póst á skutl@frumherji.is með símanúmeri og sparaðu þér tíma og fyrirhöfn.

AFGREIÐSLUTÍMI mán.-fös. kl. 8.00–16.30



Frumherji

**Lineker biðst
afsökunar**

FÓTBOLTI Gary Lineker sendi Luke Chadwick, fyrrverandi leikmanni Manchester United, einlæga afsökunarbeiðni fyrir að hafa gert grín að útliti hans forðum daga. Lineker var hluti af teyminu sem sá um þáttinn They Think It's All Over á BBC á sínum tíma. Þátturinn var gríðarlega vinsæll, en grínistinn Nick Hancock stýrði honum. Hann hefur einnig beðist afsökunar. Í þættinum var gert óspart grín að Chadwick en hann var aðeins 19 ára. Í síðustu viku fór hann í viðtal og sagði þetta eðlilega hafa haft mikil áhrif á sig enda gekk grínið í margar vikur. Hann spilaði 39 leiki fyrir Manchester United. Hann þjálfar nú börn í Cambridge-akademíunni. – bb



Kvinnalið Vals er Íslandsmeistari þvert á allar boltaíþróttir.

**Mest hrútalykt
í aðalstjórn Vals**

ÍPRÓTTIR Karlar eru formenn í aðalstjórnnum sex af níu hverfisíþróttafélögum í Reykjavík en konur eru formenn í þremur aðalstjórnnum. Karlar eru jafnframt í meirihluta í aðalstjórnnum sex hverfisíþróttafélaga en konur eru í meirihluta í aðalstjórnnum þriggja hverfisíþróttafélaga, Ármanns, ÍR og Fjölnis. Hrútalyktin er mest í Val þar sem 82 prósent af aðalstjórninni eru karlar. Framarar eru einnig slakir í að fá konur í aðalstjórn en þær eru 25 prósent í aðalstjórn. Það er einnig megn hrútalykt í stjórnnum Fylkis, og Víkings. Þetta er meðal þess sem kemur fram í Kynlegum tölum, samantekt mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Þar kemur einnig fram að stelpur eru aðeins 36 prósent af iðkendum 6-18 ára hjá KR og Fram. Aðeins Ármann er með fleiri stelpur sem iðkendur í hverfisíþróttafélögum í Reykjavík.

Einungis 1.283 börn með erlent ríkisfang æfa íþróttir með félögum niú. – bb

ÍR fær allar sextíu milljónirnar

Bréf Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkur varð til þess að ÍR hætti við að hætta með meistaraflökk kvenna í handbolta enda hefði það þýtt að félagið væri að brjóta samninga við borgina.

ÍPRÓTTIR Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkur fékk tilkynningu um mögulegt brot ÍR vegna ákvörðunar félagsins um að leggja niður meistaraflökk kvenna í handknattleik. Ákvörðunin vakti velunnara meistaraflökksins af værum blundi og var því hætt við að hætta og mun Finnbogi Grétar Sigurbjörnsson stýra kvinnaliði ÍR í handbolta.

Skrifstofan tók erindið fyrir og benti Breiðhýltingum á í bréfi sínu 17. apríl að mögulega væri ÍR að brjóta samninga við borgina og að ákvörðunin gæti haft fjárhagslegar afleiðingar. Borgin greiðir ÍR 60 milljónir króna á þessu ári.

Ingigerður Guðmundsdóttir, formaður ÍR, segir í bréfi sínu til borgarinnar að aðalstjórnin hafi ekki samþykkt ákvörðunina um að hætta með kvinnaliðið. Hún bendir á að málið hafi ekki komið inn á borð aðalstjórnar félagsins því ákvörðunin hafi verið afturkölluð. Ingigerður segir enn fremur að fjármagn sé af skornum skammti og lítið fjárframlag komi frá opinberum aðilum til að halda úti starfi í deildum félagsins sem hefur aðallega áhrif á meistaraflökkan enda sé barnastarfið fjármagnað að mestu leyti með æfingagjöldum.

Ingigerður segir að ÍR sé með jafnréttisstefnu en engir peningar séu til að leggja með þeirri stefnu. Skortur sé á sjálfbodaliðum og bendir hún á að aðalstjórn geti ekki skipað þeim hvert þeir beini sinni vinnu. ÍR sé eins og önnur félög og finni fyrir því að sjálfbodaliðum sé að fækka og færri hendur að afla fjármagns. Meistaraflökksráð kvenna hafi verið stofnað og mun það aðstoða sjálfbodaliðana sem hafi þegar tryggt grundvöll fyrir að meistaraflökkur kvenna verði áfram við lýði í Breiðholti.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Flokks fólksins í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði bókðu athugasemdir um að skrifstofan gæfi kaffloðin svör og hefði ekki svarað þeim spurningum sem beint var til hennar með skýrum hætti. Hvort ÍR hafi brotið mannréttindastefnu borgarinnar, brotið samninginn við borgina og hvort það hafi áhrif á samninga við borgina að félagið brjóti jafnréttisstefnu. Fulltrúarnir segja að í ljósi þess að



Finnbogi Grétar Sigurbjörnsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, mun taka við meistaraflökksliði ÍR í kvinnaflokk. ÍR tilkynnti að leggja ætti flokkinn niður vegna bágrar fjárstöðu en borgaryfirvöld voru ekki sátt við þá ákvörðun.

➤ Formaður ÍR segir lítið fjármagn koma frá opinberum aðilum til að halda úti starfi í deildum félagsins sem hafi mikil áhrif á meistaraflökkan. Barnastarf reki sig með æfingagjöldum.

svörin séu fordæmisgefandi og leiðbeinandi til íþróttafélaga óski þeir eftir skýrum svörum.

Meirihlutinn í borginni bókaði að skrifstofan hefði brugðist við með skýrum hætti og hætt við athæfið sem erindið varðaði í kjölfarið. Í

Greiddsluylit til ÍR

Íþróttafulltrúi	10,7
Rekstur skrifstofu	11,8
Styrkur vegna fjölda deilda og iðkenda	2,5
Styrkur vegna sumarstarfs	1,0
Styrkur vegna rekstur íþróttahúss og félagsaðstöðu	17,9
Styrkur til greiðslu á fasteignasköttum	7,4
Umhirða og umsjón á velli og vegna afnota á bað- og búningsklefum	6,8
Rekstur skíðaskála	2,1
Alls	60,463

*Allar upphæðir eru í milljónum króna

fyrri bókun meirihlutans kom fram að það væri fullur skilningur á því að stada íþróttafélaganna geti verið snúin, en kæmu upp erfiðleikar mættu þeir ekki bitna á einu kyni

umfram annað eða afmörkuðum hópi. Lögð er áhersla á samvinnu og ánægjulegt er að málið hafi hlotið farsæla niðurstöðu, segir í bókuninni. benediktboas@frettabladid.is

Enskir leikmenn æfa í litlum hópum

FÓTBOLTI Leikmenn í ensku úrvalsdeildinni samþykktu einróma að hefja aftur æfingar í dag. Mega leikmenn byrja að æfa fimm saman í hópi. Þetta er hluti af fyrsta stigi í að koma deildinni aftur af stað, sem kallast Project Restart. Alls voru 3.534 ný tilfelli af COVID-19 í landinu staðfest á sunnudag en aðeins 589 í Þýskalandi þar sem boltinn er farinn að rúlla af stað.

Troy Deeney, fyrirlíði Watford, getur ekki beðið eftir að komast aftur á völlinn en list illa á næstu stig. „Fyrsta stig er ekkert mál en annað stig, sem er áætlað í næstu viku, leyfir að fleiri mega æfa saman og svo sex dögum eftir það eru það 11 gegn 11. Ég get ekki beðið eftir að komast út á völl en það verður að vera öruggt fyrir alla. Tommy Abraham býr með pabba sínum og hann er með astma. Fullt af leikmönnum sendir mér skila-



Troy Deeney hefur verið að tjá sig um endurkomu í boltann. MYND/GETTY

boð á hverjum degi því þeir vilja ekki koma fram og tjá sig.

Mikill stuðningur er um stig eitt en stuðningurinn fer minnkandi á stigi tvö. Ég get ekki ímyndað mér

þegar allir fara að mæta því þá er erfitt að halda fjarlægð,“ sagði Deeney við Good Morning Britain – en Piers Morgan er meðal stjórnenda þar á bæ. – bb



HOKUS POKUS
hokuspokus.is

s 551 7955



**Margnota
Andlitsgrímur
Verð: 490 Kr**

Varnar innöndun á
dropum vegna hósta
eða tals annara

Varnar því að aðrir
andi inn dropum frá þér

Varnar gegn smiti vegna
eigin andlitsnertina

Heildsölubirgðir

FLÓKI

FRIDJUDAGUR 19. MAÍ 2020

Heilsa



Tara Margrét Vilhjálmsson segir að heilsa snúist um flókið samspil andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar heilsu og að Samtökin um líkamsvirðingu séu að reyna að berjast gegn neikvæðum lýðheilsufarslegum áhrifum útlitssmánunar fyrir fólk af öllum stærðum og gerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Heilsa er margþætt samspil

Tara Margrét segir rangt að horfa á einn þátt heilsu, því hún sé flókið samspil margra þátta. Hún segir að skömm og smánun sé óhollust af öllu. ➔2

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is



Fylgstu með!



Tara segir að skömm og smánun á grundvelli holdafars leiði til óheilbrigðis. Hún rífi niður sjálfmyndina og gerir það að verkum að feitt fólk sé líklegra til að sækja í óheilbrigðar venjur, ásamt því að einangra fólk og auka líkur á þunglyndi, kvíða og átröskunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Samtökin um líkamsvirðingu hafa það markmið að stuðla að líkamsvirðingu í samfélaginu, berjast gegn líkamssmánun og tryggja að allir líkamar njóti samþykktar og virðingar. Þau telja mikilvægt að líta á heilsu sem samspil ólíkra þátta og vilja frelsa fólk frá því að finna fyrir skömm vegna þess að þau passa ekki inn í staðalmyndir.

„Fólk áttar sig oft ekki á því að samtökin hafa lýðheilsueflandi tilgang. Margir halda að samtökin snúist bara um útlit og við séum ekkert að spá í heilsu fólks, en það er alveg þveröfugt,“ segir Tara Margrét Vilhjálmisdóttir, félagsráðgjafi og forman samtakanna.

Heilsa snýst ekki um útlit

„Heilsa snýst um flókið samspil andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar heilsu,“ segir Tara. „Það má ekki líta á hana út frá alltof þröngu sjónarhorni. Við tengjum heilsu við ákveðið útlit og það er lítið svo á að það sé bara hægt að vera heilbrigður ef viðkomandi er í kjörþyngd, með fallega og bólufria húð og glansandi hár. Fyrir vikið erum alltaf að eltast við ákveðið útlit þegar við reynum að vera heilbrigð.“

En rannsóknir sýna að heilbrigði einskorðast ekki við útlit, heldur getum við verið bæði feit og heilbrigð og hraust. Við erum að berjast gegn þessum boðskap, að heilbrigði einskorðist við ákveðið útlit, því það er heilsufarslega

skaðlegt,“ segir Tara. „Það verður til þess að fólk reynir mikið að léttast og fer í megrunarkúra, sem eru óhollir. Rannsóknir sýna að við erum heilbrigðust ef við höldum okkur í sömu þyngd og hugsum vel um líkamann. Þetta snýst um að efla heilbrigði í þeim líkama sem þú ert í, en ekki að breyta honum.“

Smánunin óhollust

„Þegar fólk fær þau skilaboð að líkami þeirra sé ekki „eins og hann á að vera“ innfærir það með sér gifurlega skömm og smánun,“ segir Tara. „Það gefur okkur skilaboð um að við eigum ekki virðingu skilið í samfélaginu og höfum ekki sama rétt og aðrir. Það hefur smitáhrif og leiðir til þess að þegar við dæmum okkur sjálf, dæmum við um leið aðra.“

Sumir halda því fram að samtök um líkamsvirðingu snúist um að afsaka óheilbrigði, en í raun er verið að reyna að vinna gegn neikvæðum lýðheilsufarslegum áhrifum fitusmánunar. „Það er frekar skömm og smánun á grundvelli holdafars sem leiðir til óheilbrigðis,“ segir hún. „Hún rífi niður sjálfmyndina og gerir það að verkum að feitt fólk er líklegra til að sækja í óheilbrigðar venjur, borða óhollari mat og meira af honum, hreyfa sig minna og er líklegra til að temja sér óheilbrigðar heilsuvenjur eins og að fara í megrun. Um leið eykur þetta líkur á þunglyndi, kvíða og átröskunum og einangrar fólk. Við töpum því engu á líkamsvirðingu, ólíkt öðrum leiðum sem við teljum hefðbundnari.“

Jafnan gengur ekki upp

„Heilsa snýst líka um tengslin sem við höfum og hvort við eigum vini.

“Fólk verður að geta farið út án þess að verða fyrir áreiti og aðkasti og fá heilbrigðisþjónustu án fordóma og mismununar. Þetta er stærsti þátturinn af heilbrigðisjöfnunni og hefur miklu meiri áhrif en mataræði.

Einmanaleiki er stórt lýðheilsuvandamál,“ útskýrir Tara. „Þess vegna er það mikilvægt fyrir heilsu fólks að það njóti félagslegs jöfnuðar og sömu virðingar og aðrir. Fólk verður að geta farið út án þess að verða fyrir áreiti og aðkasti og fá heilbrigðisþjónustu án fordóma og mismununar. Þetta er stærsti þátturinn af heilbrigðisjöfnunni og hefur miklu meiri áhrif en mataræði.“

Það er alltaf tilhneiging til að horfa bara á líffræðilega þætti heilsunnar, en hún byggir á viðtækari grundvelli og snýst um samspil margra þátta,“ segir Tara. „Ef við ætlum bara að horfa á einn þátt og efla líkamlega heilsu á kostnað andlegrar og félagslegrar heilsu er það jafna sem gengur ekki upp.“

Ekki bara fyrir feita

„Í mínum huga er hugmyndin um líkamsvirðingu friðarboðskapur og skaðaminnkandi nálgun á heilsueflingu,“ segir Tara. „Stöðustu

áratugi höfum við verið í stríði gegn eigin líkðumum og annarra og höfum reynt að sníða þá í box sem þeir passa ekki í. Þetta hefur haft verulegar neikvæðar lýðheilsufarslegar afleiðingar.

Við erum ekki frjáls í samfélagi þar sem við höfum ekki leyfi til að vera í líkðumum okkar og virða þá og útlit þeirra. Þannig er verið að brjóta á mannréttindum fólks. Þess vegna er þetta mannréttinda-hreyfing og þetta snýst ekki bara um feitt fólk, heldur alla sem samræmast ekki hugmyndum fólks um hvernig á að líta út,“ útskýrir Tara.

Hún segir að þó að líkamsvirðing sé fyrir alla líkama, óháð holdafari, græði feitt fólk mest á umræðunni um líkamsvirðingu, vegna þess að það verði mest fyrir þessum mannréttindabrotum. „Það er bein fylgni milli þess að því feitari sem þú ert, því meiri fordómum og jafnarsetningu verður þú fyrir,“ segir hún. „En útlitskröfur bitna á öllum, vegna þess að þær eru hannaðar til þess. Á bak við þær eru markaðsöfl sem segja að þú sért ekki nógu góður og þess vegna þurfir þú að kaupa hitt og þetta til að laga það. Enginn uppfyllir staðalmyndina um fullkominn líkama.“

Normalisera fjölbreytni

Gagnrýnendur hugmynda um líkamsvirðingu segja stundum að þessi hugmyndafræði afsaki eða normaliseri offitu. Tara segir skrítið að tala um að normalisera eðlilegan fjölbreytileika mannlíkamans. „Það hefur alltaf verið til feitt fólk og grannt fólk. Ég næ ekki utan um þá hugsun að það sé normalisering á einhverju slæmu að ég skammist min ekki fyrir

líkama minn,“ segir hún.

„Það er líka áhugavert að sjá hvernig þetta birtist á ólíkan hátt gagnvart kynjum. Rannsóknir hafa sýnt að feitar konur fá lægri laun og eru líklegri til að lífa undir fátæktarmörkum, en það sama sést ekki hjá feittum körlum,“ segir Tara. „Konur byrja líka að finna fyrir fitufordómum við miklu lægri BMI en karlar, sem sýnir hvað þetta snýst að miklu leyti um að stjórna kvenlíkamanum.“

Vekur flóknar tilfinningar

Flestir ættu að geta verið sammála um að það sé rangt að sýna fólki óvirðingu vegna útlits þess, en enga að síður fær málflutningur Töru iðulega harða gagnrýni.

„Við erum öll alin upp í fitufordómfullu samfélagi sem flokkar fólk í virðingarstiga eftir holdafari. Í þess konar samfélagi erum við alltaf að keppast við að komast ofar og leggjum ótrúlega mikið á okkur til að tálga líkamana í samfélagslega samþykkt form,“ segir hún. „Það getur verið rosalega erfitt fyrir fólk að samþykkja að það þurfi ekki að vera í þessari keppni. Að öll þessi vinna hafi verið til einskis og það hefði getað verið sátt í sínum líkama allan tímann.“

Þetta er sérstaklega áberandi þegar feitar konur segjast sáttar í sínum líkama og fela hann ekki. Það veldur reiði og erfiðum og flóknum tilfinningum meðal fólks,“ segir Tara. „Þetta er fólk sem er búð að vera í áratuga-langri baráttu við að ná einhverju sem ég hef náð án þess að leggja á mig sömu vinnu. Ég skil að sumir hugsi bara „hvernig dirfist þú?“ og finnst ég ekki hafa unnið fyrir því að fá að vera sátt.“

Sumar og börn

ÞRIÐJUDAGUR 19. MAÍ 2020

Kynningar: Verslunin Fló, Bílasmiðurinn, Sena, A4



Kristín Johansen, eigandi skóverslunarinnar Fló, er hér með dóttur sinni, Þórgunni, í versluninni. Hvergi er meira úrval af vönduðum skófatnaði á börn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mesta úrval landsins af vönduðum barnaskóm

Skóverslunin Fló sérhæfir sig í vönduðum barnaskóm jafnt fyrir minnstu fætur sem þá stærri. Lögð er áhersla á gæðamerki sem framleiða vandaðan skófatnað á börn. Fló er á Klapparstíg 44 í miðbæ Reykjavíkur og þar er að finna mikið úrval af fallegum skóm fyrir komandi sumar. ➔2



Magis skórnir er skemmtileg nýjung frá Froddo – þeir breyta um lit við dagsljós en krökkunum finnst það einmitt mjög skemmtilegt.



Mjúkir og vandaðir leðurskór fyrir yngstu börnin. Fallegir og góðir.



Klassisku „fyrstu skórnir“ frá Bundgaard eru dásamlegir.

Framhald af forsiðu →

Kristín Johansen, eigandi verslunarinnar, segir að í Fló sé boðið upp á allt frá fyrstu skóm upp í fullorðinsstærðir. „Allt frá sandölum yfir í stígvél og kuldaskó. Við leggjum mikið upp úr því að vera með vandaða og fjölbreytta vöru, persónulega þjónustu og gefa okkur tíma til að finna réttu skóna fyrir hvert barn. Við finnum að fólk kann að meta þjónustuna og við erum með stóran og vaxandi hóp af fastakúnnum sem koma aftur og aftur. Það er auðvitað mjög hvetjandi að finna þennan áhuga,“ segir hún.

Kristín segir að allt of mikið sé af fjöldaframleiddum og óvönduðum skóm í boði í dag sem jafnvel eru bara uppfylling í stórum fatakeðjum. „Við finnum að okkar viðskiptavinahópur áttar sig á þessu og því hvað það er mikilvægt að börn gangi í góðum skóm til að líða vel,“ upplýsir hún.

Börn þurfa að vera í vönduðum skóm

„Fætur eru flóknir enda eru í þeim 26 bein þegar þeir eru fullþroska. Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir að það verða þeir ekki fyrr en um 18 ára aldur. Vandamál tengd fótum og göngulagi geta haft áhrif á stoðkerfi barnsins til lengri tíma. Þess vegna er sérstaklega mikilvægt að hlúa að fótunum með góðum skófatnaði til að stuðla að eðlilegum vexti og þroska þeirra. Sjálfum líður manni illa í óþægilegum skóm. Börn geta oft ekki tjáð sig um það. Foreldrar ættu því að fylgjast vel með göngulagi barna sinna, hvort þau séu að hlífa öðrum hvorum fætinum,

hvort tærnar séu að vaxa rétt, hvort þau séu inn- eða útskeif eða með önnur einkenni.

Barnsfóturinn er mjúkur og sveigjanlegur til að byrja með. Börn sem eru ekki byrjuð að ganga ættu að fá að vera sem mest berfætt eða í mjúkum skóm sem vernda fæturna en hefta ekki hreyfigetu þeirra og tilfinningu fyrir fótunum. Mjúkir skór henta líka best þegar þau eru að skriða. Þegar þau eru orðin öruggari og farin að ganga eru þau tilbúin í harðari sóla. Við erum með gríðarmikið úrval af svokölluðum fyrstu skóm og seljum þar af leiðandi mjög mikið af þeim,“ segir Kristín.

Nokkur atriði sem er mikilvægt að hafa í huga við val á skóm:

- Að lagið/breidd á skónum sé í samræmi við fótlagið.
- Hafa hæfilegt pláss til vaxtar (vaxtarbil) oft 1,2 cm (frávik eru þó eftir aldri barns og tegund skófatnaðar).
- Að hælappinn veiti góðan stuðning og það sé nóg pláss fyrir táslurnar.
- Velja réttan sveigjanleika í sóla sem hentar barninu eftir því á hvaða stigi það er í gönguferlinu.
- Að efni séu góð að innan sem utan.
- Velja efni sem gefa vel eftir og andi vel.

„Það er líka gott ef skórnir eru sterkir. Krakkar eru mikið úti að leika og það er áætlað að meðal manneskja stigi um 18.000 skref á dag – krakkar jafnvel fleiri. Það reynir því á alla sauma og efnið sem skórnir eru gerðir úr. Þeir eru fljótir að skemmast ef frágangurinn er ekki góður.



Allir krakkar þurfa að eiga flott stígvél. Þau eru til í nokkrum litum hjá Fló.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Afar vandaðir skór fyrir börn sem eru að byrja að ganga, en hugsa þarf sérstaklega um gæði í fyrstu skónum.



Krúttlegir skór. Mjúku leðurskórnir henta jafnt strákum og stelpum.



Góðir og fallegir sumarskór með dunnjúkum sóla. Næstum því eins og að vera berfættur.



Glasilegir bítlaskór fyrir börn. Í svona skóm verða krakkarnir alltaf finir.

Þessi fyrirtæki hafa lagt kapp á allt gæðaeftirlit og að öll hráefni séu fyrsta flokks. Þau eru með stöðuga framþróun í sínum vörum og með þroska barnsfótarins að leiðarljósi.

Sterkar hefðir sem skapa vandaða barnaskó

Við höfum kappkostað að velja merki sem eru traust. Dönsku merkin Bundgaard og Angulus hafa framleitt barnaskó síðan 1904 og króatíska merkið Froddo síðan 1946. Það er því mikil hefð og stolt hjá þessum framleiðendum að framleiða vandaða og góða skó fyrir börn.

Þessi fyrirtæki hafa lagt kapp á allt gæðaeftirlit og að öll hráefni séu fyrsta flokks. Þau eru með stöðuga framþróun í sínum vörum og með þroska barnsfótarins að leiðarljósi. Þetta geta birgjar okkar gert með því að framleiða alla sína skó í sinni eigin verksmiðju og vera með þróunardeild á staðnum,“ segir Kristín.

Gaman að vera í miðbænum

„Mér finnst dýrmætt að vera í miðbænum. Hér er iðandi mannlíf og menning. Það er góð sál í húsinu hérna á Klapparstíg 44 og skemmtilegar verslanir og veitingahús allt í kring. Svo er óendanlega gaman að taka á móti yngstu kynslóðinni hér í versluninni. Við viljum að upplifunin hjá þeim sé skemmtileg og eftirminnileg hvort sem það er við að máta nýja skó eða gleyma sér í öllum dýrunum sem leynast í búðinni.

Hægt er að skoða úrvalið og kaupa á vefsíðunni okkar, flo.is, og við sendum skóna hvert á land sem er.“

Minni skjátími og meiri samvera

Í A4 er að finna gríðarlegt úrval af skapandi vörum og vönduðum leikföngum fyrir börn á öllum aldri sem henta fullkomlega fyrir íslenska sumarið, hvort sem það er inni, úti eða á ferðalaginu.

Sigrún Ásta Einarsdóttir, framkvæmdastjóri vöru- og markaðssviðs, segir áherslu lagða á að bjóða upp á vandaðar vörur sem geri foreldrum og börnum kleift að eiga saman fleiri og innilegri samverustundir.

„Þetta er mjög hjartfólgið viðfangsefni hjá okkur þar sem hluti af okkar stefnu og það sem við teljum inn í okkar samfélagslegu ábyrgð er að minnka skjátíma og auka samveru. Og við leggjum okkur fram við það þegar við erum að velja inn vörur að þær séu vandaðar og stuðli að samveru og séu skapandi.“

Dýrmætar sumarstundir

Óhætt er að fullyrða að vöruúrvalið hjá A4 sé eins og sniðið að íslenskum aðstæðum. „Núna í sumar er náttúrulega viðbúið, eins og alltaf á Íslandi, að börnin séu að leika sér bæði inni og úti. Þannig að við erum með mikið framboð af afþreyingu fyrir börn, bæði inni og úti.“

Gott sé að geta gripið til skapandi vara sem gera fjölskyldunni kleift að leika sér saman í stað þess að snjalltækin taki yfir.

„Við erum með mikið úrval af spilum, púslum, föndri og skapandi vörum. Þetta eru allt vörur sem stuðla að minni skjátíma inni við, vegna þess að við viljum heldur ekki að börnin okkar detti í snjalltækin um leið og það byrjar að rigna og þau vilja vera inni,“ segir Sigrún Ásta. „Þá er gott að eiga úrval af spilum og geta spilað við börnin okkar eða föntrað. Við erum með mikið af tilbúnum föndursettum þar sem þú þarft ekki að eiga lím eða þess háttar, þú færð allt í einum kassa.“

Einnig fæst mikið úrval af vönduðum, sígildum sumarvörum í A4. „Við vorum að fá ný og spennandi leikföng frá franska fyrirtækinu Djeco, það eru þessi klassísku sumarleikföng eins og kítar, boltar og sippubönd. Þau eru ofboðslega fallega hönnuð, mjög vönduð og Djeco leggur mikið upp úr vingarleikföngum.“

Fjölskyldan er í fyrirrúmi hjá A4. „Fyrst og fremst erum við með það í huga, þegar við erum að velja inn vörur fyrir börn, að foreldrar og börn geti leikið saman. Það er svo mikilvægt að við séum að leika okkur saman og eiga í samskiptum við börnin okkar á þessum skrítinu tímum.“

Fullkomið í ferðalagið

A4 er með mikið úrval vara sem eru tilvaldar í ferðalagið. „Við erum með skordýrasafnara-sett, sem er með öllu sem þarf til að safna skordýrum, skoða þau og læra þannig meira um náttúruna. Sjónaukar hafa líka verið mjög vinsælir hjá okkur undanfarið og eru fullkomin í ferðalagið um landið, að leita að fuglum og skoða í kringum sig, hvetja börnin til að skoða náttúruna og kynnast landinu okkar.“

Við erum með mjög mikið af hlutum sem henta í ferðalagið, eins og til dæmis rosalega skemmtileg heyrnartól fyrir börn, sem eru með einhyrningshorn, palliettu-eyru eða risaæðluskreytt. Þau henta litlum eyrum vel og getur hljóðbók stýtt stundir í löngum bilferðum.“

Hægt er að fá allt sem þarf, í handhægum umbúðum, fyrir ferðalagið. „Síðan erum við með föndurtösku þar sem þú ert með allt sem þú þarft í föndrið í einni tösku sem þú tekur með í ferða-



Sigrún segir A4 leggja áherslu á að bjóða upp á vandaðar og skapandi vörur sem stuðla að aukinni samveru milli foreldra og barna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Foreldrar eru náttúrulega vaknaðir fyrir allar aldir með börnunum sínum og ef það vantar eitthvað þá er alveg einstaklega leiðinlegt að þurfa að bíða til klukkan tólf eða eitt.

8	1	4	7	2	6	9	3	5
4	6	1	5	7	8	3	9	2
3	8	7	2	1	9	6	5	4
9	2	5	6	3	4	8	7	1


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ný tvöföld virkni sem veitir hraða og langvarandi vörn gegn tannkuli.

TVÖFÖLD VIRKNI

FYLLIR
LOKAR
VERNDAR

STYRKIR

GUM SensiVital+

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI

ÚTSKRIFTIR, SUMAR & GJAFIR!



Þetta voru bestu ár ævi minnar, enda man ég ekkert eftir þeim
Verð: 4.999.-



Orð að sönnu
Verð: 6.999.-



Tómas Guðmundsson - Ljóðasafn
Verð: 4.999.-


GINGKO KLUKKUR



Valdar Gingko klukkur
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 5.739.-
Verð áður frá: 8.199.-



Travel Goals
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.999.-



Medicine
TILBOÐSVERÐ: 4.239.-
Verð áður: 5.299.-



Leonardo
TILBOÐSVERÐ: 9.599.-
Verð áður: 11.999.-

vitra. WOODEN DOLL



VITRA Wooden Doll
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 13.041.-
Verð áður frá: 14.490.-

ÖLL HNATTLÍKÖN



30%
afsláttur



VITRA Ball Clock
TILBOÐSVERÐ: 37.315.-
Verð áður: 43.900.-



VITRA Hang-It-All
TILBOÐSVERÐ: 35.615.-
Verð áður: 41.900.-



25%
afsláttur

Valdir vandaðir CROSS pennar
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 7.499.-
Verð áður frá: 9.999.-



LUND
London

Skittle Bottle
hita / kæli brúsi 500 ml
Verð: 4.999.-

ALLAR FERÐATÖSKUR



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 25. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Ósannfærandi félagsskapur

BÆKUR

Í vöndum félagsskap

★★★★★

Viveca Sten

Þýðing: Elín Guðmundsdóttir

Fjöldi síðna: 504

Úgefandi: Ugly

Glæpasagnahöfundar hafa margir hverjir fjallað um ýmsar þjóðfélagslegar meinsemdir og skelfingar í bókum sínum, eins og til dæmis heimilisofbeldi. Tilgangurinn er vissulega góður en vitanlega skiptir máli hvernig þetta er gert. Benda má á Arnald Indriðason sem dæmi um höfund sem kann að taka á þjóðfélagslegum meinsemdum í bókum sínum. Honum tekst að vekja lesendur til umhugsunar um leið og hann fær þá til að lesa áfram. Bók Vivecu Sten, Í vöndum félagsskap, er hins vegar dæmi um það þegar illa tekst til.



Bókin er sú tíunda í Sandhamseríu höfundar um lögræðinginn Nóru og lögreglumanninn Thomas. Að þessu sinni snýst atburðarásin um Mínú sem er gift ofbeldismanninum Andreis. Hann er frá Bosníu og foringi í fíkniefnasölu-gengi í Stokkhólmi. Andreis beitir konu sína grimmdarlegu ofbeldi og að lokum flýr hún frá honum með ungan son sinn. Andreis ætlar sannarlega ekki að sætta sig við það.

Í ÞESSARI 500 BLAÐSÍÐNA BÓK FÆRIST EKKI SPENNA Í LEIKINN FYRR EN LESANDINN ER BÚINN AÐ LESA TÆPLEGA 300 SÍÐUR.

Góðir glæpasagnahöfundar þurfa ekki endilega að ná lesendum á sitt band með því að skapa ógnþrungna spennu. Þeir leggja meira upp úr stíl, persónusköpun og því að skapa andrúmsloft. Ekkert af þessu er að finna í bók Sten, Í vöndum félagsskap. Bókin er ekki vel skrifuð, persónusköpun er slöpp og ekki tekst að skapa áhugavert andrúmsloft.

Tína má til fjölda dæma um glæpasagnahöfunda sem eru stíðir stílistar en bæta það upp með hæfileika til að skapa spennu. Í þessari 500 blaðsíðna bók færast ekki spennu í leikinn fyrr en lesandinn er búinn að lesa tæplega 300 síður. Ekki er það gott.

Endurlitskaflar bókarinnar, þar sem lesandinn fræðist um æsku Andreis í stríðshráðri Bosníu, eru beinlínis afleitir. Þeir eru illa skrifaðir og Sten tekst aldrei að fanga stríðshrylling á sannfærandi hátt. Hún ætlar sér að sýna hvernig ofbeldi sem börn hafa verið beitt markar þau fyrir lífstíð, en henni tekst aldrei að skapa vott af dýpt í þeirri rannsókn sinni.

Bókinni lýkur á þann veg að möguleiki opnast fyrir framhaldsbók um raunir Mínú. Vonandi verður sú ekki raunin. Viveca Sten hefur venjulega gert svo miklu betur en hér. **Kolbrún Bergþórsdóttir**

NÍÐURSTAÐA: Ofurlangdregin og ósannfærandi glæpasaga.



Ásdís Arnbjörnsdóttir á skrifstofu forlagsins. Hingað til hefur Setberg gefið út 1.100 titla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kolbrún

Bergþórsdóttir

kolbrun@frettabladid.is



Bókaforlagið Setberg fagnar 70 ára afmæli í ár. Arnbjörn Kristinsson stofnaði það árið 1950 en dóttir hans Ásdís keypti forlagið árið 2013 og hefur rekið það síðan. Setberg er eitt af fáum bókaforlögum hér á landi sem sérhæfa sig í barnabókum.

„Í byrjun gaf pabbi út alls konar bækur, þar á meðal fræðibækur, ævisögur, þýdd skáldverk og barnabækur. Árið 2005 ákvað hann að snúa sér eingöngu að útgáfu barnabóka. Hann sagðist vilja gefa út vandadar og fræðandi barnabækur fyrir börn á aldrinum 0-12 ára og taldi að áfram yrði þörf fyrir þær í stafrænum heimi. Þessi stefna gafst mjög vel og þegar ég keypti forlagið af pabba ákvað ég að fylgja henni,“ segir Ásdís.

Gekk út með fulla vasa

Ásdís segist hafa fæðst inn í bókaútgáfu. „Þetta er fjölskyldufyrirtæki og ég og systkini mín byrjuðum snemma að vinna þar á sumrin og um jól. Forlagið var lengi á Freyjugötu og ég var ekki orðin 10 ára þegar pabbi sá einhverja ákveðni í mér og sendi mig að rukka á staði sem voru í göngufæri við Setberg. Mér er minnstætt þegar ég fór í bókabúð Lárusar Blöndal á Skólavörðustígnum, gekk upp litla hringtröppu og inn í herbergi þar sem Lárus sjálfur sat. Ég vissi að ég þyrfti að gefa mér góðan tíma því hann

Maður verður að vanda vel til verka

Bókaforlagið Setberg fagnar 70 ára afmæli. Ásdís Arnbjörnsdóttir er eigandi forlagsins sem sérhæfir sig í barnabókum. Snúður og Snælda munu snúa aftur.

var mjög gefinn fyrir spjall. Hann var yndislegur maður og borgaði skilvíslega. Ég gekk alltaf þaðan út með fulla vasa af peningum.“

Arnbjörn lést fyrir rúmum tveimur árum. „Pabbi lýsti sér sem fagurkera og það var hann. Ég vildi að ég gæti sagt það sama um mig en ég er meiri flakkari, bý í tveimur löndum, hér og í Svíþjóð, og sama á við um menningu og áhugamál, ég fer mikið á milli og er alæta á tónlist, myndlist, bækur og bíómyndir,“ segir Ásdís.

Pakki með Snúð og Snældu

Frá forlaginu, sem er í Kópavogi, koma um 15-20 titlar á ári. „Venjulega fer ég á tvær bókasýningar á ári, stærstu bókasýningu í heimi sem er í Frankfurt á haustin og líka á barnabókasýningu sem er í Bologna á Ítalíu á vorin. Í ár ætlaði ég að breyta til og fara til London



MÉR FINNST MJÖG GAMAN AÐ VERA Í SVONA NÁNUM TENGLUM VIÐ VIÐSKIPTAVININA.

á bókasýningu, en hún var slegin af vegna farsóttarinnar. Á þessum bókasýningum fer ég á fundi og vel bækur til útgáfu. Hér heima þarf svo að þýða og prófarkalesa. Ég er með gott teymi í því. Þorsteinn frá Hamri vann fyrir Setberg í meira en 50 ár sem prófarkalesari, og nú er Kolbeinn sonur hans tekinn við. Svo þarf að brjóta um og senda í prentun.“

Bækurnar sem koma frá Setbergi eru fallegar í útliti og margar áberandi litríkar, fjölbreytileikinn er líka mikill. „Það er alveg sama

hvort maður er að gefa út bækur fyrir fullorðna eða börn, maður verður að vanda vel til verka og taka mið af því sem gerist í heiminum á hverjum tíma. Ég gef út alls konar barnabækur: baðbækur, sögu-bækur, harðspjaldabækur, afþreyingarbækur og fræðibækur sem eru í uppáhaldi hjá mér,“ segir Ásdís.

Í tilefni 70 ára afmælisins ætlar hún að láta endurprenta hina sívinsælu bók Íslensku dýrin og bækurnar um Snúð og Snældu. „Snúður og Snælda eru 60 ára og ég ætla að halda upp á þau merku tímamót með því að útbúa einhvers konar pakka með öllum átta bókunum um þau,“ segir Ásdís. Einnig er von á fræðibók sem heitir Jörðin þar sem vísindaleg þekking um umhverfi okkar og náttúru, frá jöklum til fljóta og ólgandi kviku í iðrum jarðar, er sett fram á einfaldan og áhugaverðan hátt.

Keyrir út bókasendingar

Spurð hvort kórónuveiran hafi sett strík í reikninginn hjá útgáfunni segir Ásdís: „Í kófinu þurfti ég að endurskipuleggja allan minn rekstur. Salan á heimasíðu fyrirtækisins margfaldaðist og ég hef verið að keyra út bókasendingar til fólks. Sumir vilja að bókapakkinn sé lagður fyrir utan dyrnar, til dæmis fólk sem er í einangrun. Svo eru fjölskyldur sem koma hlaupandi til dyra, finnst svo gaman að eitthvað sé að gerast og fá pakka sem beðið hefur verið eftir. Mér finnst mjög gaman að vera í svona nánum tengslum við viðskiptavinina; þetta er nánast eins og að koma við hjá Lárusi Blöndal í gamla daga.“



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

í allt sumar
husa.is



Rán Flygenring myndskreytir.
FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Fær verðlaun þriðja sinn í röð

Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar eru veitt árlega. Að þessu sinni hlýtur Margrét Tryggvadóttir verðlaunin í flokki frumsaminnna bóka fyrir bók sína Kjarval: málarninn sem fór sínar eigin leiðir.

Rán Flygenring fékk verðlaunin í flokki myndlýsinga í barna- og ungmennabók fyrir bók sína Vigdís: bókun um fyrsta konuforsætann. Hún fær verðlaunin þriðja árið í röð. Í fyrra fékk hún verðlaunin fyrir Söguna um Skarphéðin Dungal og þar á undan fyrir Fugla.

Þórarinn Eldjárn fær verðlaunin í flokki þýðdra bóka fyrir þýðingu sína á Hver vill hugga krílið? eftir Tove Jansson.

Nýjar smásögur

Á vef Borgarbókasafnsins má nú lesa tólf splunkunýjar smásögur eftir nýja höfunda. Smásögurnar eru afrakstur ritlistarnámskeiðsins Margt smátt, sem fram fór á rit-smíðaverkstæðinu Skrifstofunni á Borgarbókasafninu í Kringlunni.

Leiðbeinandi á námskeiðinu var Sunna Dis Másdóttir, sem jafnframt ritstýrði útgáfunni.

Sögurnar má lesa á vef Borgarbókasafnsins. Þar má jafnframt nálgast sögurnar á rafbókarformi, sem og í PDF-skjali til prentunar.

Þetta er í annað sinn sem Borgarbókasafnið gefur út sögur með þessum hætti.

Það óvænta í útkomunni

Félagið Íslensk grafík heldur afmælissýningu í Norræna húsinu. Verk eftir fjörutíu og sex félagsmenn. Lítil sem engin grafík er kennd í myndlistarnámi hér á landi.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Afmælissýning félagsins Íslensk grafík stendur yfir í Norræna húsinu. Þar eru sýnd verk eftir 46 félagsmenn, en félagið fagnar hálfri aldar afmæli sínu.

„Verkin eru flest unnin á þessu ári eða síðasta. Verk hvers listamanns geta verið eitt stakt verk eða upp í fjögur til fimm ef um seríu er að ræða. Það er mikill fjölbreytileiki í sköpun listamannanna,“ segir Elísabet Stefánsdóttir sem er formaður félagsins. „Á sérvegg eru síðan valin verk eftir heidursfélaga sem eru átta talsins, listamenn sem hafa að mati stjórnar skarað fram úr í grafíklistinni og eða unnið vel unnin störf fyrir félagið, þar á meðal er Einar Hákonarson sem stofnaði þetta félag fyrir 50 árum. Nýjasti heidursfélaginn er Magdalena Margrét Kjartansdóttir.“


Verkin á sýningunni eru unnin með ýmsum aðferðum grafíklistarinnar. „Í grafík eru notaðar afar fjölbreyttar aðferðir til að vinna verk, allt frá dúk- og tréristum upp í mjög flóknar aðferðir með tölvutækni. Áður var silkiprykkið og tréristan það sem þekktast var en það er komið mjög mikið af nýjum aðferðum sem við í grafíkinni lærum af grafíklistamönnum sem koma að utan, vegna þess að lítil sem engin grafík er kennd lengur í myndlistarnámi á Íslandi,“ segir Elísabet.

Nýjar aðferðir kenndar

Þegar blaðamaður leitar skýringa á þessu segir Elísabet: „Þegar Listaháskólinn var stofnaður árið 1999 fór fyrsti árgangur nemenda hver í sína deild, eins og málun, grafík, fjöltækni og svo framvegis, en það breyttist árið eftir þegar þeir nemendur sem þá voru teknir inn fóru annaðhvort í myndlist eða hönnun og sérþekkingin í grafíkinni ekki í boði. Ég var svo lánsöm að vera í þessum fyrsta árgangi, þannig að ég



Það er mikill fjölbreytileiki í sköpun listamannanna, segir Elísabet Stefánsdóttir, formaður félagsins Íslensk grafík. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI



Myndir á sýningunni í Norræna húsinu.

GRAFÍKLISTAMENN VILJA ALLIR LÆRA ÞAÐ NÝJASTA NÝTT Í GRAFÍKLISTINNI OG BÆTA VIÐ SÍNA ÞEKINGU.

fékk kennslu í grafík í Listaháskólanum og tel mig ríkari fyrir vikið. Það var mikill heiður að læra þessa aðferð af meisturum sem flestallir eiga verk á sýningunni.“

Spurð hvort þessi staða leiði ekki til þess að það fjari undan grafíkinni sem eigi jafnvel á hættu að deyja út segir Elísabet: „Við óttumst það og þess vegna hefur félagið verið að styrkja sig með því að fá hingað til lands erlenda grafíklistamenn sem kenna félagsmönnum nýjar aðferðir sem við miðlum áfram með námskeiðum í húsnæði okkar í Hafnarhúsinu fyrir myndlistarmenn, kennara og almenning. Grafíklistamenn vilja allir læra það nýjasta nýtt í grafíklistinni og bæta við sína þekkingu.“

Ævintýrlegt ferli


Elísabet segir almenning hafa mikinn áhuga á grafík. „Þegar fólk fær að komast í tól og tæki hjá okkur þá er það óstöðvandi því grafík er svo bráðsmítandi skemmtileg. Við verðum með grafíksmiðjur fyrir börn sem verða hluti af sýningunni í tengslum við Barnamennningarhátíð í samvinnu með Norræna húsinu. Börn hafa mjög gaman af grafík, eins og þeir fullorðnu. Grafíkferlið er ævintýrlegt og fólk finnst spennandi að upplifa það óvænta í útkomunni.“

Opel Grandland X Frábær ferðafélagi!

Verð frá 3.990.000 kr. Takmarkað magn

Bílabúð Benna hækkar ekki verð

Birt með fyrirvara um mynd- og textabreyting.



THE FUTURE IS EVERYONE'S

opel.is

Reykjavík
Krókhálsi 9
Sími: 590 2020

Opið
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opið
Virka daga 12–17

Bílabúð
Benna

FLEIRI KJARABÍLAR

Á KJARABILAR.IS

Athugið að um er að ræða takmarkaðan fjölda bíla af tilteknum gerðum. Það eru þó fleiri bílar í boði en fram koma í auglýsingunni og þá má finna á www.bl.is/kjarabilar

Gerðu góð kaup

BJÓÐUM VALDA NÝJA BÍLA Á KJARABÍLAVERÐI.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG

KJARAVERÐ
6.290.000 kr.



OYU70

Renault Koleos Intens

Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bill

Listaverð: 7.190.000 kr.

KJARAVERÐ
5.090.000 kr.



AVK46 +Bose

Nissan Qashqai Tekna

Dísil, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Reynsluakstur bíll

Listaverð: 6.193.000 kr.

KJARAVERÐ
6.890.000 kr.



MTM42 Ljóst leður

Subaru Outback LUX

Bensín, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bill

Listaverð: 7.790.000 kr.

KJARAVERÐ
4.090.000 kr.



SDL16 100% rafmagn

Renault ZOE Zen

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bill

Listaverð: 4.850.000 kr.

KJARAVERÐ
4.490.000 kr.



DSR74 100% rafmagn

Nissan Leaf Tekna

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bill

Listaverð: 5.450.000 kr.

KJARAVERÐ 2.490.000 kr.
2.008.064 kr. án vsk



RVX77

Dacia Dokker Ambiance

Dísil, framhjóladrifinn, beinskíptur. Nýr bill

Listaverð: 3.150.000 kr. / 2.540.322 kr. án vsk.

Aukabúnaður fyrir ferðalagið í sumar

Við höfum frábært úrval af aukabúnaði fyrir bílana okkar á sumarverði.



Dverbogar

Fyrir allar gerðir bíla

Verð frá: 45.000 kr.



Hjólafestingar

Fyrir 1 eða 2 hjól

Verð frá: 34.800 kr.



Farangursbox

Stærðir frá 380-480 l

Verð frá: 79.000 kr.



Dráttarkrúkur

Með ásetningu

Verð frá: 129.000 kr.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanessbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Þriðjudagur

HRINGBRAUT

20.00 Tilveran Tilveran er þáttur um sálsgæslu og mannrækt í samfélagi nútímans.

20.30 Lífið er lag Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri árána. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.

21.00 21 - Fréttabáttur á þriðjudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Erniss með áherslu á innlendir og erlendir fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

21.30 Eldhugar: Sería 3 í Eldhugum fer Snædís Snorradóttir og viðmælendur hennar út á þaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi

09.10 Enn ein stöðin

09.35 Í garðinum með Gurrý V

10.05 Fagur fiskur. Kafað í djúpið

10.35 Nautnir norðursins.

Noregur – fyrri hluti

11.05 Matur með Kiru

11.35 Á tali hjá Hemma Gunn

1991-1992

13.00 Tónstofan Sigurður Demetz Franzson

13.25 Kastljós

13.40 Menningin

13.50 Gettu betur

14.45 Íslendingar: Briet Héðinsdóttir Briet Héðinsdóttir, leikkona og leikstjóri, fæddist í Reykjavík 14. október 1935. Hún lék á ferli sínum meira en 80 hlutverk, langflest hjá Þjóðleikhúsinu. Hún lék auk þess mikið í útvarpi og einnig nokkuð í sjónvarpi og kvikmyndum.

15.40 Poppkorn 1986

17.10 Menningin – samantekt

17.35 Bitlarnir að eilífu – While

My Guitar Gently Weeps, Beatles Forever

17.50 Táknálsfréttir

18.00 KrakkaRÚV

18.01 Ofurmennaáskorunin

18.29 Hönnunarstirnir

18.47 Bilskúrsbras

18.50 Krakkafréttir

19.00 Fréttir

19.25 Íþróttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

19.50 Menningin

20.00 Treystið lækninum: Trust

Me, I'm a Doctor V

21.05 Síðustu dagar heimsveldisins: The Last Post

22.00 Tíufréttir

22.15 Veður

22.20 Paula Paula

23.10 Berlínarsaga: Weissensee

Saga IV

00.00 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

10.00 US Open 2017 Útsending frá lokadegi US Open 2017.

14.00 Tiger Woods – Memorial Tournament 1999

14.45 Tiger Woods: WGC- NEC Invitational 1999

15.40 Tiger Woods: THE TOUR Championship 1999

16.30 Tiger Woods: Bay Hill Invitational 2000

17.15 Tiger Woods: Bay Hill Invitational 2001

18.00 Tiger Woods: THE PLAYERS Championship 2001

18.55 US Open 2018

23.10 PGA Tour 2009

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify

11.30 Dr. Phil

12.15 The Late Late Show

13.00 Survivor

13.45 Survivor

14.30 The Biggest Loser

15.15 The Biggest Loser

16.10 Malcolm in the Middle

16.30 Everybody Loves Raymond

16.55 The King of Queens

17.15 How I Met Your Mother

17.40 Dr. Phil

18.25 The Late Late Show

19.10 Love Island

20.10 A Million Little Things

21.00 Reef Break

21.50 The InBetween

22.35 Blood and Treasure

23.20 The Late Late Show

00.05 FBI

00.50 Proven Innocent

01.35 Madam Secretary Dramatísk þáttaröð. Téa Leoni leikur Elizabeth McCord, fyrrv. starfsmann bandarísku leynilögreglunnar CIA, sem var óvænt skipuð sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

02.20 Station 19

03.05 Imposters

03.50 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins

06.50 Morgunvaktin

07.00 Fréttir

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.00 Fréttir

09.05 Segðu mér

09.45 Morgunleikfimi

10.00 Fréttir

10.03 Veðurfregnir

10.13 Á reki með KK

11.00 Fréttir

11.03 Mannlegi þátturinn

12.00 Fréttir

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.40 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir

12.55 Samfélagið

14.00 Fréttir

14.03 Lofthelgin

15.00 Fréttir

15.03 Frjálsar hendur

16.00 Síðdegisfréttir

16.05 Viðsjá

17.00 Fréttir

17.03 Lestin

18.00 Spegillinn

18.30 Hljómboxið

18.50 Veðurfregnir

18.53 Dánarfregnir

20.35 Mannlegi þátturinn

21.30 Konan við 1000 gráður.

Sögulök

22.00 Fréttir

22.05 Veðurfregnir

22.10 Samfélagið

23.05 Lestin

00.00 Fréttir

00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 Destined to Ride

13.25 Nancy Drew and the Hidden Staircase

14.55 Babe. Pig in the City

16.30 Destined to Ride

17.55 Nancy Drew and the Hidden Staircase

19.25 Babe. Pig in the City

21.00 The Favourite

22.55 Una

00.25 Jackie

02.05 The Favourite

STÖÐ 2

07.55 Heimsókn

08.15 Masterchef USA

09.00 Bold and the Beautiful

09.25 Gilmore Girls

10.05 God Friended Me

10.45 First Dates

11.35 NCIS

12.15 Nágrannar

12.40 So You Think You Can Dance

13.55 So You Think You Can Dance

15.15 Ísskápastríð

15.50 Grand Designs

16.40 Stelpurnar

17.00 Modern Family

17.30 Bold and the Beautiful

18.00 Nágrannar

18.20 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.50 Sportpakkinn

18.55 Ísland í dag

19.10 Sporðaköst

19.40 The Goldbergs

20.05 ShriLL

20.30 God Friended Me

21.15 Outlander

22.20 All American

23.00 Insecure

23.35 Last Week Tonight with

John Oliver

00.10 Mr. Mercedes

00.55 Mr. Mercedes

01.45 Mr. Mercedes

02.35 Mr. Mercedes

03.25 Steypustöðin

03.55 Death Row Stories

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni

20.00 Friends

20.20 Friends

20.45 The Middle

21.05 Flash

21.50 You're the Worst

22.20 The Deuce

23.15 DC's Legends of Tomorrow

00.00 Friends

00.20 Friends

00.45 The Middle

STÖÐ 2 SPORT 2

09.00 Fram - Stjarnan Útsending frá úrslitaleiknum í Borgunarbikarkeppni karla árið 2013.

11.55 Valur - KR Útsending frá úrslitaleik Borgunarbikarsins 2015.

13.40 Valur - ÍBV Útsending frá úrslitaleik Borgunarbikars karla 2016.

15.25 ÍBV - FH Útsending frá úrslitaleik Borgunarbikarsins árið 2017.

17.10 FH - Víkingur R. Bikarúrslitaleikur karla 2019.

19.00 Borgunarbikar kvenna

2013. Breiðablik - Þór/KA

21.15 Borgunarbikar kvenna

2015. Stjarnan - Selfoss

23.00 Borgunarbikar kvenna

2016. Breiðablik - ÍBV

STÖÐ 2 SPORT 3

07.55 FA Cup Classic Matches. Leicester - Chelsea 17/18

08.50 West Ham - Man. Utd. 15/16

09.45 Swansea - Man. City 18/19

10.40 Wolves - Man.Utd. 18/19

11.40 Everton - Chelsea 15/16

12.35 Man. Utd. - Arsenal 14/15

13.30 Man. City - Wigan 13/14

13.55 Fulham - Man. Utd. 08/09

14.20 FA Cup Classic Matches.

Man. Utd. - Portsmouth 07/08

14.45 FA Cup Classic Matches.

Everton - Wigan 12/13

15.10 KR - Valur 2013

15.35 Valur - ÍA 2013

16.00 Valur - Fram 2014

16.25 Fjölnir - Fylkir 2014

16.45 Liverpool - AC Milan

19.40 AC Milan - Liverpool

21.20 Manchester United -

Chelsea

LÆGSTA
VERÐIÐ
Í ÖLLUM
LANDS-
HLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.



Pylsupartí í Kvikk!

Pylsur og gos á
einstöku tilboðsverði



Pylsa + gos
649 kr.



Tvær pylsur + gos
799 kr.



Kvikk
ON THE GO

ORKAN

Sumarið er komið í DORMA

Ókeypis
heimsending!Verslaðu á dorma.isSUMAR
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTURHOUSTON
hornsófiTveir litir, brúnn og
koniaksbrúnn, hægrí eða
vinstri tunga

Fallegur hornsófi í Houston línunni. Sófinn fæst hægrí eða vinstri (horn ófæranlegt) í tveimur litum. Armar eru meðalgrannir og sófinn frekar í nettara lagi. Houston passar í flest rými bæði hvað varðar stærð og stíl – sem er látláus og glæsilegur. Seti og bak sófanna eru lausar pullur sem sitja þó vel og renna ekki. Innra byrði er úr endingargóðum, kaldpressuðum svampi, þá trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fætur sófanna eru frekar grannir en sterkir úr svörtum viði. Houston hornsófi er nettur en samt er svo þægilegur. *Bonded leður (leðurblanda) er blanda af ekta leðri og gervileðri. Um þriðjungur áklæðisins í Houston er ekta leður sem er mun hærra hlutfall en algengt er. Stærð: 270 x 210 x 85 cm

Fullt verð: 229.990 kr.

Aðeins **183.920 kr.**

Sumarið er komið í DORMA
verslaðu á dorma.is eða í DORMA
verslun og við sendum þér það frítt

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF
OPIN

SUMAR
tilboðin

SMELTU Á VÖRU OG
ÞÚ FERÐ BEINT INN Í
VEFVERSLUN
DORMA.IS

STYTTU ÞÉR LEIÐ GEGNUM BÆKLINGINN ORKAR
Zotite og Afari og smávætt 2-4 | ÞÓM 12-23 | Mjúkvara og óttinn 14-21 | Stórir 22-23 | Stórir 24-27 | Svefnstólar 28-39

Þú finnur
nýjan
bækling
á dorma.isHoltagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, ÍsafirðiDORMA
Láttu drauminn rætast

Á meðan Guðrún Eva bíður eftir að erlendu ferðamennirnir afbóki geta áhugasamir um ritlistargistingu hennar sent henni fyrirspurnir í einkaskilaboðum á Facebook eða á guðruneva@akademia.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skapandi gisting hjá
Guðrúnu Evu í sumar

„Hefur þig alltaf langað að kanna betur það sem býr í djúpinu?“ spyr rithöfundurinn **Guðrún Eva Mínervudóttir** sem ætlar að bjóða skapandi ferðabjónustu við heimili sitt í Hveragerði í sumar.

Mig langar í sumar að sameina tvennt af því besta sem ég hef upp á að bjóða; aðstöðuna hér í bakgarðinum og leið ritlistarinnar til sjálfskönnunar og lífsfyllingar,” segir Guðrún Eva Mínervudóttir um heldur sérhæfða ferðabjónustu í Bláa húsinu, 35 fermetra bústað, við heimili hennar í Hveragerði.

„Mig langaði líka bara að gera eitthvað skemmtilegt. Ekki bara reyna að fá fólk til að koma og gista hérna, heldur vera hérna,” segir Guðrún Eva sem býður upp á gistingu, vinnuáætlun og ráðgjöf við ritstörf í róandi nánd við náttúruna.

Skemmtilegra að skapa

„Það hafa verið alveg ótrúlega góð viðbrögð við þessari auglýsingu og það kom mér bara stórkostlega á óvart og ég trúir því að þetta geti verið endurnýjandi og nærandi fyrir alla sem hlut eiga að máli,” segir ferðabjónusturithöfundurinn sem sér fram á mikið líf og skapandi vinnu í Bláa húsinu miðað við fyrstu viðbrögð á Facebook.

„Ég er bara eiginlega alltaf heima og hefði ekkert verið að fara til Tenerífe hvort sem er og hugsaði að fólk sem þarf einhvern veginn næringuna af því að skipta um umhverfi og fara til útlanda geti bara komið til mín í staðinn og það er bara miklu betra,” heldur Guðrún Eva áfram.

Bíður eftir afbókunum

„Sjálf nenni ég eiginlega ekkert að ferðast nema eiga eitthvert erindi, sé að fara að gera eitthvað ákveðið. Eitthvað annað en að liggja í sólbæði en það er líka hægt að liggja í sól-



Guðrún Eva og Marteinn Þórsson kvikmyndagerðarmaður eru með ferðabjónustu í bakgarðinum og kynna Bláa húsið á heimasíðunni backyard.is.

bæði hér. Það er náttúrlega heitur pottur og allt til alls,” segir Eva sem ætlar sér að fylla skarð erlendra ferðamanna með skrifandi Íslendingum.

„Ég er eiginlega að bíða eftir að þessir útlendingar fari að drífa sig að afbóka. Þeir eru ekkert að fara að koma hérna í stríðum straumum. Þeir halda það kannski og eru að bíða með að afbóka en ég er eiginlega líka að bíða eftir að þeir afbóki þannig að það verði nóg pláss fyrir þetta sem er svo miklu skemmtilegra, að fá fólk sem er að fara að gera eitthvað, skapa eitthvað.“

Krefjandi samtal

„Ég sé þetta fyrir mér, að fólk sé að koma hérna frekar með handrit og miðað við bókanirnar sem hafa verið að berast þá er það algengara,” segir Guðrún Eva og leggur áherslu á að allir séu velkomnir og fólk þurfi alls ekki að vera komið vel af stað. Hún treysti sér líka vel til þess að hjálpa fólki að byrja.

„Ég mæli með dvöl í það minnsta þrjár nætur í senn til að samtalið

nái að þróast og dýpka og þú komist á skrið með verkefnið,” segir Guðrún Eva og bendir á hversu notalegur vinnufríðurinn er þarna skammt utan borgarmarkanna.

„Ég sé svo fyrir mér allavega klukkutíma samtal á dag. Það er ekki hægt ræða svona í marga klukkutíma á dag. Það yrðu bara allir örmagna,” segir Eva um þau krefjandi átök sem fylgja sköpunarferlinu.

Allir eiga sögu

„Það er bara mín reynsla sem höfundur að þegar ég fæ viðbrögð sem virka fyrir mig þá er mjög gott að hafa nógan tíma og næði til að vinna úr því. Það eru margar skáldsögur innan í hverri einustu manneskju og allir eru áhugaverdir og það sem þeir hafa að segja er áhugavert.

Þannig að þetta er svo rakið og þótt þér hafi aldrei komið til hugar að verða rithöfundur þá geturðu samt komið til mín og fengið heilmikið út úr þessu.“

toti@frettabladid.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

RAFMAGNSPOTTAR



FRÁ



HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKI 1

SÍMI 7772000

SIGIN
GRÁSLEPPA



HETTUMÁVS
EGG



REYKTUR
LUNDI



SIGINN
FISKUR



VELJUM ÍSLENSKT
STYRKJUM ÍSLENSKT



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1
Sími 555 2800



Eineltið gerði mig sterkari en líka reiðari

Vigdís kemur fram undir listamannsnafninu Fever Dream. Hún var að gefa út plötuna Baby Girl Vendetta og tók upp myndband við eitt laganna á strippklúbbi í Berlín.

Vigdís Howser Harðardóttir, þekktust sem Fever Dream, segist hafa verið svolítið erfitt barn. Í það minnsta að sögn mómmu hennar.

„Ég er skilnaðarbarn og var því að flakka á milli heimila mómmu og pabba. Ég þurfti að fullorðnast svolítið hratt og notaði húnur sem undankomuleið, ég geri það nú


reyndar enn þá. Ég var lögð í einelti og var alltaf sannfærð um að ég þyrfti að verja mig og vera með stæla til þess að lifa af,“ segir Vigdís.

Hún segist hafa áttað sig á því þegar hún eltist hver áhrifin af eineltinu virkilega væru.

„Ef mér hefði ekki verið strítt svona mikið, hefði ég líklega aldrei verið svona erfið á unglingsárunum. Ég hefði ekki þurft að setja upp þennan vegg sem var uppi allt



Vigdís Howser segir að þótt hjarta hennar sé alltaf á Íslandi líti hún á Berlín sem sína heimaborg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



ATVINNULÍFIÐ ER LÍF OKKAR ALLRA

Þegar þú ferð með fjölskylduna í ísbíltúr tekur atvinnulífið kipp. Þegar íssalinn lætur flísaeggja baðherbergið kemur annar kippur. Flísarinn lætur standsetja gamla hjólið sitt fyrir sumarið

og enn kemur kippur, sem heldur áfram þegar hjólaviðgerðarmaðurinn kaupir íslenskan trúlofunarhring handa kærustunni. Loksins. Allt í einu er allt komið af stað á ný.



oflengi. Ég held að það hafi gert mig sterkari en líka reiðari. Annars var ég samt hamingjusamt barn, alltaf í einhverjum verkefnum sem tengdust leiklist og söng," segir Vigdís.

Hefnd stúlkunnar

„Ég hef alltaf verið með mikið hugmyndaflug og tónlist hefur alltaf verið stór hluti af mínu lífi. Ég æfði á gítar og söng þegar ég var yngri og var alltaf í kór og að búa til hljómsveitir með vinum mínum. Ég byrjaði svo að hlusta á rapp og hipphopp þegar ég var svona 12 ára og elskaði Tupac, Biggie og hlustaði almennt mikið á rapp frá New York eftir því sem ég varð eldri," segir Vigdís.

Hún segist mikill sveimhugi, sem hafi gert henni erfitt fyrir að klára efni sem hún byrjaði á, til þess hafi hún þurft að læra aga.

„Ég geri oftast bara eitthvað í manni og kasta því svo út. Margt á þessari plötu er svolítið þannig, lög sem ég gerði á einum degi og vildi ekki breyta," segir Vigdís um nýju plötuna, Baby Girl Vendetta.

Martraðarkennt ástand

Nafnið á plötunni kemur til vegna gælunafns Vigdísar þegar hún vinnur á barnum á strippklúbbum.

„Ég kallaði mig alltaf Vendetta bak við barinn. Allir nota gervinöfn þarna. Svo þýðir „vendetta“ hefnd. Ég hugsaði þetta sem hefnd stúlkunnar. Þegar ég skrifaði plötuna var ég að ganga í gegnum svolítið erfiða

ÉG ÞURFTI AÐ FULL-ORÐNAST SVOLÍTIÐ HRATT OG NOTAÐI HÚMOR SEM UNDANKOMULEIÐ, ÉG GERI ÞAÐ NÚ REYNDAR ENN ÞÁ.

tíma. Að komast yfir sambandsslit og flakkaði á milli þess að vera hamingjusöm ein og einmana. Ég var ekki viss um neitt og reyndi að finna hamingjuna með áfengisneyslu og því að taka upp. Það reyndist mér vel að hafa tekið meira efni upp því ég byrjaði að hafa meiri trú á sjálfri mér."

Lögin á plötunni eru öll frekar mismunandi, róleg lög í bland við önnur orkumeiri.

„Ég er mikið að hlusta á Lil Peep, Tyler the Creator og Chynna sem innblástur. Platan er unnin með Balatron eða Bjarka Hallbergssyni, hann gerði fyrsta og síðasta lagið með mér," segir hún um gerð plötunnar.

Hvaðan kemur listamannsnafnid Fever Dream?

„Nafnið kom upp í hausinn á mér þegar ég var að lesa bók sem heitir Fever Dream eftir George R.R. Martin. Vampírubók um vampírur sem hætta að borða fólk og gerast „vegan“ og borða bara önnur dýr í staðinn.

Fever Dream lýsir því þegar þú ert veikur, færð hita og ferð í óráð. Martraðarkennt ástand," segir hún.

Stuðningsríkir stripparar

Í lok febrúar kom út lagið Don't call me baby með Fever Dream, og vakti það mikla athygli. Myndbandið var tekið upp á strippklúbbum sem Vigdís vinnur á.

„Á vöktunum bak við barinn kynntist ég þessum bransa, stelpunum og eigendunum vel. Mér fannst lagið passa við staðinn og ég skrifaði handritið þannig. Tökurnar gengu sjúklega vel en þær eru klárlega þær stærstu sem ég hef staðið að. Ég var með fjórutíu manns á setti og ég elska hvað það gekk allt vel. Dansarnir eru náttúrulega þolinmóðasta fólk sem ég þekki, þær eru vanar að biða í vinnunni eftir viðskiptavinum þannig að fyrir þeim að sitja og drekka freyðivín og biða var ekkert mál," segir hún og hlær.

Vigdís hefur myndað sterk vinaþönd við nokkrar af stúlkunum sem dansa á staðnum.

„Ég elska líka hvað þær koma vel út í myndbandinu. Eigendurnir lánuðu mér limmósínu og ég fékk að nota staðinn allan daginn. Það var mjög ánægjulegt að redda svona flottum stað. Mig langaði að staðurinn myndi breytast úr strippklúbb fyrir menn í draumastað þar sem allir eru bara að slappa af með hinum dönsurunum og allir eiga peninga og þurfa ekki viðskiptavini.

Það er náttúrulega draumurinn."

Hún segir stúlkurnar án efa einar nettustu konur sem hún hefur kynnst. „Konur sem vinna í svona iðnaði eru að mínu mati mjög sterkar og villtar og það er bara svo mikið stuð í kringum þær. Það er ekkert gervi við þær inn á við en kannski meira gervi utan á," segir hún brosandí.

Hinsegin fólk yfir senunni

Vigdís segir Berlín hafa tekið henni með opnum örmum.

„Berlín er æði. Það er mikil teknósena í borginni, en ég hef líka kynnst röppurum hérna, sem er nett. Fólk í Berlín er bara svo ávintýragjarnt og opið að það er svo margt í boði þar," segir hún, og viðurkennir að það sé margt ólíkt með borgunum tveimur, Reykjavík og Berlín. Báðar eigi þær þó sameiginlegt að skapandi greinar þrífist vel og séu áberandi.

„Berlín er borg sem hefur þurft að rísa upp frá því að vera skipt upp með vegg og vera í niðurníðslu. Sumir hérna hafa alltaf verið með ákveðinn anarkisma í sér. Það er enn þá þannig filingur, listamenn ráða Berlín. Hinsegin fólk er áberandi yfir senunni þar. Teknósenunni þá sérstaklega en rappsenan er enn þá frekar karllæg. Ég er að reyna að breyta því og finna fleiri stelpur sem hugsa eins hérna í Berlín. Þær eru nokkrar," segir hún.

Vigdís segir andann í Berlín mjög frelsandi.

„Ég upplifi mig mjög velkomna hérna og hef eignast góða vini. Reykjavík er mjög litil og mér finnst fólk í Reykjavík dæma aðra mikið, dæma fólk sem er öðruvísi að einhverju leyti.

Ég fékk ógeð á því að þurfa alltaf að vera að haga mér eftir einhverju mynstri sem var ekki að ganga upp fyrir mér. Berlín opnar arma sína og tekur þig að sér, hvernig sem þú ert."

Ísland á hjartað

Hvernig er klassískur dagur í lífi þínu í Berlín?

„Það fer eftir því í hvaða rútínu ég er. Ef ég er að taka kvöld- eða næturvaktir á börum þá er ég að vakna seint, borða morgunmat í kvöldmat og sef á daginn. Síðan fer ég upp í stúdíó þegar ég er í frii.

Ef það er gott veður þá hjóla ég í garðinn og slappa af með vinum mínum, skrifa og drekk bjór. Fer á nokkrar listsýningar og hitti alls konar fólk," segir hún.

Eins og staðan er núna eru flutningar heim því ekki í kortunum enda unír hún sér vel í Berlín í bili.

„Ég er stödd núna á Íslandi en er á leiðinni til Þýskalands aftur í vikunni. Ég fékk loksins flug þangað út og ætla að halda áfram að gera tónlist og njóta veðurblíðunnar. Ísland á alltaf hjartað mitt, náttúran, fjölskyldan og mínir nánustu vinir eru þar, en Berlín er heimaborgin sem ég elska."

steingerdur@frettabladid.is

Þegar þú velur íslenskt tekur atvinnulífið við sér!



ÍSLENSKT
gjöril svo vel



BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar



Staldráðu stoltur við

Nú þegar losnar um útgöngubann hér á Spáni þýðir ekkert að hlaupa út einsog kálfur að vori heldur spóka ég mig nú um sveitina í mikilli ró. Sjái ég eðlu á steini horfi ég grafkyrr á hana uns hún hverfur í holu sína og heyri ég fagran fuglasöng kem ég mér undir tréð hjá fagurgalanum og horfi dáleiddur til lofts uns hann flýgur á brott. Er þetta hugarholl og góð iðja. Þó er einn hængur á: Þetta þykir óeðlilegt háttalag svo ef fólk kemur auga á mig þar sem ég stend stjarfur úti á berangri með svip, sem hér í suðursveitum Spánar þykir ekkert sérlega gáfulegur, verð ég skömmustulegur mjög. Osjálf-rátt sé ég þorpsbúa fyrir mér stinga saman nefjum: „Já, þetta er agalegt með Íslendinginn, hefur þú séð hann í vitleys-ingakastinu? Já, hann er víst tunglsjúkur, greyið.“ Svo fer ég óvart að ímynda mér hvernig bæjarbúar heilsa tengdafólki mínu með samúðarsvip. Þetta er kannski ekki allveg ástæðulaus ótti við tungur bæjarins. Eitt sinn drap ungur drengur kjúkling hér í þorpinu og nú, þrjátíu árum síðar, gengur hann enn undir nafninu Kjúklinga-baninn.

En hvernig stendur á því að maður skammast sín svona fyrir þessa hollustu meðan hið hnarreistasta fólk drekkur svartan sykur og gímmar í gamsann algjörlega skammarlaust? Ég skal ekki segja. Eðlilegt fólk á víst alltaf að vera að gera eitthvað, jafnvel þó það sé bölvuð vitleysa. Kannski ef fólk staldráði meira við sæi það eflaust að maður þarf ekkert að vera brjálaður til að staldrá við.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

COLLAB
ÁSTARALDIN &
LÍMÓNU 330 ML
249
KR/STK
756 KR/L



Kvikk
ON THE GO



VAXTALAUSAR
12
mán
GREIÐSLUR

FRÍR
FLUTNINGUR*
UM ALLT LAND
*NEMA ÚTSÖLUVÖRUR

KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ
OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM
Á **SVEFNOGHEILSA.IS**

VEFVERSLUN
svefnogheilsa.is

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

NÝ SENDING AF SÆNGUM
BY BRINKHAUS



ÚRVAL AF SÓFUM
OG HVÍLDARSTÓLUM



PRESTON

Svefnsófi

Verð áður kr.-249.900
NÚ AÐEINS KR. 224.910

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS
AF HEILSUDÝNUM



20-50%
AFSLÁTTUR

NÝTT OUTLET

Gerðu frábær kaup

20-50%
AFSLÁTTUR




Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

Svefn & heilsa



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK



UM FJÖRÐUNGUR LANDSMANNA
SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.